



SUS - Samband ungra sjálfstæðismanna 1957, 1968 – 1969, seinni hluti

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Stjórn SUS – Skýrsla stjórnar og greinargerð 1957 – Bréf frá Sjálfstæðisflokknum 8. júní 1964 – Aukaping SUS 1968 – Þing SUS 1969 – Stefmir 1968 – Ávarp sjö ungra sjálfstæðismanna fyrir alþingiskosningar, líklega 1941

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-40, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



FRÉTTABRÉF

SAMBANDS UNGRA SJÁLFSTÆÐISMANNA

Desember 1969.

Á þingi Sambands ungra Sjálfstæðismanna á Blönduósi í september s.l. var samþykkt hvoru tveggja, að senda aðildarfélögum fundagerðir sambandsstjórnarinnar jafnóðum og einnig að gefa reglulega út fréttabréf um starfsemina.

Af hagkvæmisástæðum hefur stjórn S.U.S. tekið sér það bessa-leyfi að sameina þessar starfsfrásagnir í útgáfu fréttabréfsins, sem komi þá oftast út, en áður hefur tíðkast.

Frá því að núverandi S.U.S. stjórn tók til starfa (7. sept.) hafa verið haldnir 13 stjórnarfundir og hafa stjórnarmenn, sem búsettir eru í Reykjavík og nágrenni, sótt fundina allvel.

Í stað afrita af fundargerðum hvers fundar verður í samræmi við ofanritað hér á eftir birtur úrdráttur úr fundargerðum stjórnarinnar, og þar með yfirlit yfir störf hennar.

I. Landsfundur Sjálfstæðisflokksins.

Landsfundur fór fram dagana 16.-19. október s.l. og var unnið að því af hálfu stjórnarinnar að koma á framfæri samþykktum og ályktunum SUS þings um skipulagsmál, stefnuskráratríði o.fl. Út var gefin sérstakur bæklingur í nafni SUS, þar sem kynntar voru skoðanir og tillögur ungra Sjálfstæðismanna og meðan á Landsfundinum stóð, var boðað til tveggja funda meðal ungra þingfulltrúa til kynningar og sameiningar.

Árangur Landsfundarins er óþarfi að kynna, en minnt á, að allar breytingatillögur frá SUS þingi á skipulagsreglum flokksins náðu fram að ganga.

II. Ráðstefnur og fundir.

Dagana 6. og 7. október var efnt til ráðstefnu um rannsóknar- og tæknimál og var fundarstaður í Tjarnarbúð í Reykjavík. Rúmlega 70 manns sóttu ráðstefnuna og stóðu fundir fram yfir miðnætti bæði kvöldin.

Erindi fluttu Þorvaldur Búason eðlisfræðingur, dr. Jónas Elíasson byggingaverkfræðingur, dr. Ragnar Ingimarsson byggingaverkfræðingur, dr. Jónas Bjarnason efnaverkfræðingur, dr. Bjarni Helgason jarðvegsfræðingur, dr. Vilhjálmur Lúðvíksson efnaverkfræðingur, og dr. Halldór Elíasson, stærðfræðingur.

Niðurstöður ráðstefnunnar voru dregnar saman og SUS sendi frá sér ályktun um rannsóknar- og tæknimál, svokallaða "vísinda-stefnu", og var henni dreift á Landsfundi Sjálfstæðisflokksins.

Undanfarið hefur verið unnið að framgangi þessarar vísinda-stefnu, meðal annars með viðræðum við þingmenn Sjálfstæðisflokksins.

Laugardaginn 22. nóvember s.l. var efnt til ráðstefnu, þar sem fjallað var um efnið "Hvað er EFTA?" með sérstöku tilliti til áhrifa EFTA á íslenskt atvinnulíf, og var fundarstaður Sigtún í Reykjavík. Rúmlega 100 manns komu til fundarins og stóð hann í rúma sex tíma.

Erindi fluttu prófessor Guðmundur Magnússon, Davíð Sch. Thorsteinsson, iðnrekandi, Hilmar Fenger, stórkaupmaður og Þórir Einarsson, viðskiptafræðingur. Ákveðið hafði verið að SUS sendi enga ályktun frá fundinum, en þessa dagana er verið að draga saman niðurstöður umræðna.

III. Umræðukerfi.

Stjórnin hefur rætt ýmsa möguleika til að efla og styðja starf aðildarfélaganna og í því sambandi samþykkt að gera tilraun með svokallað umræðukerfi. Það kerfi er í aðalatriðum í því fólgið að varpa fram hnitmiðuðum spursmálum um einstök vandamál og leita svara og skoðana hjá aðildarfélögum. Hér ávinnst það hvoru tveggja að skoðanir fást á viðkomandi málum frá stærri hóp, sem gefur pólitískum stefnuákvörðunum sambandsins meiri fyllingu og verkefni skapast fyrir aðildarfélög og einstaklinga innan þeirra.

Ákveðið er að fyrsta verkefnið fjalli um kjördæmaskipunina og áhrif hennar á stjórnsmál í viðkomandi héraði og öllu landinu, og eru spurningar í undirbúningi um þessar mundir. Er þess að vænta að félögin taki þessari nýbreytni vel.

IV. RUSUS.

Ný stjórn Rannsóknar og upplýsingastofnunar SUS hefur verið skipuð, en fjórir menn eru tilnefndir af SUS, þar af formaður, og þrír af Heimdalli FUS. Stjórnina skipa: Garðar Halldórsson, arkitekt, formaður, Júlíus Sæberg Ólafsson, viðskiptafræðingur, Þorvaldur Búason, eðlisfræðingur, Ragnar Tómasson, lögfræðingur, Eggert Hauksson, viðskiptafræðingur, dr. Vilhjálmur Lúðvíksson, efnaverkfræðingur og Konráð Adolphsson, viðskiptafræðingur.

Stjórnin hefur tekið nokkur verkefni nú þegar til meðferðar, m.a. húsnæðismál, sjávarútvegsmál, heilbrigðismál o.fl. og heldur hún með sér fundi vikulega. Málaflokkarnir eru valdir með hliðsjón af samþykktum SUS þings.

V. Utanríkismál.

Skipuð hefur verið utanríkismálanefnd, en í henni eiga sæti: Sigurður Hafstein, hdl., formaður, Björn Bjarnason, stud. jur., Jakob R. Möller, lögfræðingur, Sverrir H. Gunnlaugsson, stud. jur.

og Jón Magnússon stud. jur. Í nóvember s.l. sendi SUS stjórn frá sér ályktun um Víetnam málið, sem samin hafði verið af utanríkisnefnd, svohljóðandi:

"Um allan heim gerast kröfur manna um frið í Víetnam æ háværi. Stjórn Sambands ungra Sjálfstæðismanna vill tda undir þessa kröfu og leggur þunga áherzlu á, að hinni áralöngu styrjöld í Víetnam linni. Árangurslausar samningaviðræður henni til lausnar hafa nú staðið í rúmlega eitt ár. Þetta sýnir, að einföld lausn þessa vandamáls er ekki til. En þeim mun fremur verður að krefjast þess, að deiluaðilar reyni af einlægni að koma á friði.

Hinum frjálsa heimi ber skylda til að vekja samvizku deiluaðila og fá þá til að fallast á tafarlaust og skilyrðislaust vopnahlé. Krafan um einhliða brottflutning bandarísks herliðs gengur of skammt. Allt erlent herlið, bandarískt og noður-víetnamskt, verður að hverfa á brott frá Suður-Víetnam. Þessi krafa verður að hljóma svo kröftuglega, að ekkert fái komið í veg fyrir frið og að víetnamska þjóðin ráði sjálf örlögum sínum."

Ályktun þessi var kynnt bæði í blöðum og útvarpi.

VI. Úrvinnsla þjóðmálaverkefna.

Á SUS þinginu á Blönduósi var samþykkt tillaga þess efnis, að stjórnin gengi frá hinum einstöku málaflokkum þjóðmálaverkefnanna í formi þingsályktunartillagna og frumvarpa og sendi þingmönnum Sjálfstæðisflokksins til væntanlegs flutnings á Alþingi.

Þar sem RUSUS stjórn hefur tekið nokkra þætti þjóðmálaverkefnanna til frekari rannsóknar og til skamms tíma var óljóst hvaða verkefnum hún ynni að, hefur dregið að hrinda framangreindri úrvinnslu í framkvæmd. Á fundi sínum 5. nóvember samþykkti stjórnin að leita til ákveðinna manna um aðstoð við að ganga frá þjóðmálaverkefnum SUS í form frumvarpa og þingsályktunartillagna.

VII. Útgáfumál.

Í tíð núverandi stjórnar hafa komið sjö síður í Morgunblaðinu í nafni SUS undir stjórn Páls Stefánssonar, framkvæmdastjóra og tvö Stefnis hefti undir ritstjórn Ásmundar Einarssonar. Stjórn SUS hefur samþykkt tillögur ritstjóra um breytt útlit og form blaðsins, með það fyrir augum, að það komi oftast út á ári hverju. Til þess þarf aukið starf og fleiri áskrifendur og er því skorað á öll aðildarfélag að taka vel óskum um aðstoð við söfnun fleiri lesenda. Lítur stjórnin á það verkefni, að efla útgáfu Stefnis, sem eitt af stærstu og þýðingarmestu þáttum síns starfs, enda ætti hægri mönnum á Íslandi að vera vandalaust að halda úti a.m.k. einu myndarlegu tímariti á sínum vegum. Er það veglegt og verðugt verkefni fyrir unga Sjálfstæðismenn að hafa þar frumkvæði og forystu.

Sjónarmiðadálki ungra Sjálfstæðismanna mun verða reynt að halda gangandi og hefur í því sambandi verið send áskorun til á annað hundrað ungra manna úr ökkar hópi til skrifa á dálkinn. Uppskeran er því miður dröm.

VIII. Prófkjör.

Ungir menn hafa mjög barizt fyrir því, að framboð í nafni flokksins séu ákvörðuð að undangengnu prófkjöri, og var sú meginregla samþykkt á síðasta Landsfundi Sjálfstæðisflokksins. Til frekari áherzlu og kynningar hefur SUS stjórnin beitt sér fyrir útsendingu þeirra tillagna og hugmynda um prófkjör, sem fram hafa komið innan flokksins. Eiga þau prófkjörsgögn að hafa borizt hverju aðildarfélagi fyrr í þessum mánuði.

IX. Önnur mál.


Af öðrum atbeina stjórnarmanna SUS, má nefna heimsóknir formanns og framkvæmdastjóra til Eyverja í Vestmannaeyjum í nóvembermánuði og heimsókn sömu manna ásamt Sturlu Péturssyni og Ásmundi Einarssyni til formanna aðildarfélaga í Vesturlandskjördæmi nú í desember.


Þá hafa fulltrúar SUS heimsótt nokkra skóla í Reykjavík.

Strax í upphafi starfstímabils þessarar stjórnar, var öllum aðildarfélögum sent bréf, dags. 11. september með ósk um tillögur um fundi eða aðra starfsemi, heima í héraði og annars staðar, sem flétta mætti inn í heildarstarfsáætlun sambandsins í vetur. Skemmst er frá því að segja, að enginn tillaga eða svar barst. Eru það nú eindregin tilmæli stjórnarinnar, að þau félög eða einstaklingar láti í sér heyra, sem ábendingar hafa um starfsemina, jafnt til lofs eða lasts.






Að lokum vill stjórn Sambands ungra Sjálfstæðismanna senda öllum aðildarfélögum, stjórnarmönnum einstakra félaga og félagsmönnum öllum beztu jóla- og nýársóskir með hvatningu um öflugt starf í komandi kosningabaráttu.

f.h. stjórnar Sambands ungra Sjálfstæðismanna


Ellert B. Schram
form.


Páll Stefánsson
frkvstj.

STEFNIR 1968-2



KASSAGERÐ



**REYKJAVÍKUR
LEYSIR UMBÚÐAVANDAMÁLIN
TEIKNISTOFA
PRENTMÓTAGERÐ
MYNDAPRENTUN**

Öskjur framleiddar af öllum gerðum með
fullkominni áprentun í mörgum litum

Bylgjupappaumbúðir með áletrun og vöru-
merkjum í tveimur litum

Efni:

Árman Sveinsson, stud. jur., in memoriam, bls. 3.

Frá ritstjóra: Sækjum fram, bls. 4.

Aukaping S.U.S., bls. 6.

Sækjum fram til nýrrar aldar. — Stjórnmalayfirlýsing
ungra Sjálfstæðismanna, bls. 7.

Sækjum fram. — Þjóðmálaverkefni næstu ára, bls. 9.

Ur ræðu Birgis Ísl. Gunnarssonar við setningu
aukaping S.U.S., bls. 37.

STEFNIR

tímarit um þjóðmál og menningarmál

2. hefti 1968

19. árangur

STEFNIR

tímarit um þjóðmál og menningarmál

Útgef.: Samband ungra Sjálfstæðismanna
Valhöll - Reykjavík

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMAÐUR:
ELLERT B. SCHRAM

Ritnefnd: Jón Sigurðsson og Páll Bragi
Kristjánsson.

Stjórn S.U.S.: Birgir Ísl. Gunnarsson,
formaður, Lárus Jónsson, 1. varaformaður,
Jón E. Ragnarsson, 2. varaformaður,
Sigurður Hafstein, ritari, Ragnar Kjart-
ansson, gjaldkeri, Björgólfur Guðmunds-
son, Ellert B. Schram, Halldór Blöndal,
Herbert Guðmundsson, Ólafur B. Thors,
Óli P. Guðbjartsson, Steinþór Júlíusson,
Sturla Böðvarsson, Sveinn Guðbjartsson
og Valur Valsson.

Kápu teiknaði Ástmar Ólafsson.
Afgreiðsla Stefnis er í Sjálfstæðishúsinu,
Reykjavík.

Borgarprent - Reykjavík.



Trúnaðarmenn Sambands ungra Sjálfstæð-
ismanna um allt land. Hafið samband við
skrifstofu S.U.S., sem er í Valhöll við
Suðurgötu, Reykjavík, sími 17100 —
(17103 eftir kl. 17:00).

Framkvæmdastjóri S.U.S., Páll Stefáns-
son, mun veita alla þá fyrirgreiðslu,
sem unnt er vegna félagsstarfs ungra
Sjálfstæðismanna um allt land.

Félagsbókbandið hf.

Stofnsett 1903

SÍÐUMÚLA 10 - SÍMAR: 30300 og 30301

Leggjum áherzlu á fljóta og
vandaða vinnu.
Verzlið þar sem
kjörin eru bezt.

IN MEMORIAM



ÁRMANN SVEINSSON

stud. jur.

Fæddur 14. apríl 1946

Dáinn 10. nóvember 1968



*Hvað er langlífi?
Lífsnautnin frjóva,
alefling andans
og athöfn þörf.
Margoft tvítugur
meira hefur lífað
svefnugum segg,
er sjötugur hjarði.*

(Jónas Hallgrímsson).

Sækjum fram

Til skamms tíma hefur það orð farið af samtökum stjórnmalamanna, að þau væru fátt eitt nema bergmál flokksforystunnar eða uppeldisstöðvar strokinna pólitíkusa.

Enda þótt deila megi um gildi slíkra fullyrðinga hefur sannleikurinn verið sá, að alltof einhliða og bindandi tengsl hafa verið á milli flokksforystunnar annars vegar og samtaka ungra manna hins vegar.

Ekki skal gert lítið úr þýðingu flokkseiningar, en ábyrgðartilfinningin má ekki vera svo mikil að hún drepi sjálfstæða afstöðu og skapandi vinnubrögð í dróma.

Á þetta tvennt hefur á stundum nokkuð skort í samtökum ungra stjórnmalamanna almennt.

Af þessum sökum er sú staðreynd sérlega ánægjuleg að ungir Sjálfstæðismenn skyldu hafa haft forystu í því endurmati og úttekt á íslenskum stjórnmalum, sem átt hefur sér stað á sl. ári og náði hámarki með aukahingi Sambands ungra Sjálfstæðismanna á sl. hausti.

Sagt hefur verið, að ríkjandi endurskoðunarstefna hafi myndast upp úr þeirri riðlun sem á varð vegna forsetakosninganna.

Án þess að metast frekar um upphaf þessarar hreyfingar, sem ef til vill telst af sumum vafasamur heiður, má fullyrða, að hún myndist að sjálfsgöðu meðal fólksins sjálfs, og mætti þá öllu helst rekja til framboðs og fylgis I-listans í síðustu alþingiskosningum.

En það eru tvímælalaust ungir Sjálfstæðismenn, sem hentu þessa ólgu á lofti, fundu hana m. a. í sínum eigin samtökum og leiddu umræður um endurmat á stjórnmalunum inn í flokkana sjálfa og á opinberan blaðavettvang.

Í því sambandi er aðeins minnt á fjölmargar blaðgreinar og fundi ungra Sjálfstæðismanna um lognmolluna á Alþingi, flokksræðið og kjördæmamálið, um skipulagsmál flokkanna, um opinbert framtak og einkaframtak, sem um viðhorf til stjórnála almennt.

Aðrir hópar og einstaklingar hafa síðan fylgt á eftir og úrslit forsetakosninga urðu til að gefa þessum umræðum fyllri merkingu, og undirstrikuðu réttmætar athugasemdir um hið stóra bil, sem skapast hefur milli stjórnmalaflokkanna og fólksins.

Ýmsir og þá að sjálfsgöðu einkum stjórnendur og starfandi fylgismenn hinna ýmsu flokka, hafa gert tilraunir til að benda á leiðir til að bæta hér úr — opna flokkana — eins og það er kallað.

Ungir Sjálfstæðismenn hafa hér einnig haft forystu. Á þeirra vegum hafa tillögur verið gerðar um skipulagsbreytingar inn á við, í þá átt, að gera flokksstarfið og valdauppbyggingu innan þeirra lýðræðislegra. Af þeirra hálfu hafa verið gerðar kröfur um breytt vinnubrögð Alþingis og dreifingu valdsins og að þeirra frumkvæði hafa verið settar fram tillögur um líf-

rænna og beinna samband milli kjósenda og frambjóðenda í formi prófkosninga og skoðanakannana.

Ekki skulu þessar né aðrar hugmyndir tíundáðar frekar og engu skal spáð um áhrif þeirra, t. d. með tilliti til fylgis Sjálfstæðisflokksins. Stundarhagur einstakra flokka má heldur ekki ráða afstöðu áhugamanna um stjórnmal, því hér er annað og meira í húfi. Það er öllu öðru fremur sameiginleg skylda þeirra manna, sem kalla sig lýðræðissinna og bera hag þess stjórnarforms fyrir brjósti, að vernda og styrkja undirstöður lýðræðisins, þ. e. stjórnmalaflokkana.

Ungir Sjálfstæðismenn finna til þeirrar skyldu.

En á sama hátt og þeir gefa sér þá staðreynd, að stjórnmalaflokkar séu óhjákvæmilegir burðarásar þjóðfélagsins, telja þeir sjálfum sér trú um, að þeirra flokkur, Sjálfstæðisflokkurinn, eigi miklu hlutverki að gegna og sé það afl í íslenskum stjórnmalum, sem ekki megi breyta.

Þessir sömu ungu menn hafa heldur ekki farið dult með þá skoðun sína, að taka þurfi á efnahags- og atvinnuvandamálum liðandi stundar með festu og djörfung.

Ungir Sjálfstæðismenn hafa boðið fram þátttöku sína og lagt fram úrræði sín. Þeir vilja „blása á vandamálin“ og takast á við verkefnið fullir af bjartsýni og þreki.

Þeir vilja sækja fram.

Í þessum anda og með grundvallarstefnu Sjálfstæðisflokksins að fótfestu, voru lagðar fram á aukahingi SUS í sept. sl. viðamiklar tillögur, — þjóðmálaverkefni næstu ára.

Enda þótt engin samþykkt hafi verið gerð um tillögur þessarar, og sjálfsagt séu skiptar skoðanir um einstök málefni, vilja ungir Sjálfstæðismenn með útgáfu þessa heftis vekja athygli alþjóðar á störfum samtaka sinna og þeirra hugmynda, sem þar eru á dagskrá.

Þeir vilja virkja þann þrótt og þá hreyfingu, sem býr með hinni ungu kynslóð. Þeir vilja setja henni markmið til að vinna að, og vilja berjast fyrir framgangi þeirra markmiða.

Ungir Sjálfstæðismenn skora á ungt fólk að skipa sér undir sama merki og vinna með sér að framgangi þessara umbótamála — íslenzku þjóðinni til heilla.

ebs.

Aukaping S. U. S.

Dagana 27.—29. september 1968 var haldið í Reykjavík aukaping á vegum Sambands ungra Sjálfstæðismanna.

Þingið sóttu um tvö hundruð ungra Sjálfstæðismanna hvaðanæva að af landinu.

Formaður SUS, Birgir Ísl. Gunnarsson, hrl., setti þingið með ræðu að kvöldi föstudagsins 27. sept. en síðan flutti formaður flokksins, dr. Bjarni Benediktsson, ávarp.

Almenn þingstörf hófust síðan eftir hádegi laugardag, 28. sept. og var fram haldið eftir hádegi sunnudag, 29. sept. Báða dagana stóðu umræður fram á kvöld. Milli funda störfuðu nefndir þingsins.

Fundarstjórar á þinginu voru þeir Þór Hagalín, Steingrímur Blöndal og Hörður Einarsson.

Þinginu lauk með kvöldverði í boði miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins að kvöldi þess 29. sept.

Á dagskrá þingsins voru skipulagsmál Sjálfstæðisflokksins og íslenskr stjórnmál almennt annars vegar og framtíðarverkefni í þjóðmálum hins vegar.

Voru lagðar fram tillögur og hugmyndir í báðum þessum málaflokkum og voru ýmsar samþykktir gerðar.

Störfum og umræðum þingsins eru ekki gerð frekari skil í þessu hefti, en rétt hefur þótt að gefa út í samfelldu máli hugmyndir þær, sem fram komu um þjóðmálaverkefni næstu ára enda þótt þær hafi ekki verið afgreiddar endanlega á þinginu.

Eru hugmyndir þessar nú til athugunar hjá hinum einstöku félögum innan vébanda SUS.

Sækjum fram til nýrrar aldar

Stjórnmálafirlýsing ungra Sjálfstæðismanna

Árið 1968 er tímamótaár fyrir æskufólk á Íslandi. Á þessu ári hafa komið fram nýjar hreyfingar meðal ungs fólks sem sýna vaxandi áhuga á stjórnmálum og sterkan vilja til umbóta á öllum sviðum þjóðlífsins.

Við, ungir Sjálfstæðismenn, viljum taka forystu fyrir þessari hreyfingu. Við viljum setja henni markmið til að vinna að og við viljum berjast fyrir framgangi þeirra markmiða. Við skorum á ungt fólk að skipa sér undir merki og vinna með okkur að því að leiða Ísland inn á nýja öld.

Hvert er okkar verkefni?

Árið 2000 verða Íslendingar 400 þúsund. Á næstu þremur áratugum munu tugþúsundir ungra Íslendinga þurfa menntun, atvinnu og lífskjör, sem sambærileg eru við aðrar þjóðir. Það er verkefni nýrrar kynslóðar Íslendinga að tryggja að svo verði. Það þarf að gera í veröld, sem gerir smáþjóðum stöðugt erfiðara fyrir að halda pólitísku og efnahagslegu sjálfstæði. Það verður meginmarkmið utanríkisstefnu okkar á næstu þremur áratugum, að tryggja þetta sjálfstæði.

Hvernig náum við þessum markmiðum?

Við, ungir Sjálfstæðismenn, viljum vinna að því, að stórauðni fjármagni verði varið til rannsóknarstarfa á sviði íslenskra atvinnumála í því skyni að nýta allar auðlindir landsins og byggja á þeim nýjar atvinnugreinar, sem gera afkomu þjóðarinnar óháðari sveiflum í framatvinnuvegunum.

Við viljum beita okkur fyrir kerfisbreytingu í núverandi atvinnuvegum, sem leiði til samruna fyrirtækja í stærri fyrirtækjaheildir, sem húa yfir meira fjármagni og geta fremur gagnýtt nýja tækni en smáfyrirtækin. Við viljum virkja fjármagn fjöldans til þess að koma þessum kerfisbreytingum fram.

Við viljum byggja upp nýjan útflutningsiðnað, sem byggist á hæfni íslenskra handa, menntun, og þekkingu nýrrar kynslóðar og nýjum mörkuðum.

Við viljum efla íslenskan sjávarútveg og fiskiðnað með því að bæta gæði framleiðsluvöru hans.

Við viljum beina landbúnaðarframleiðslunni að því verkefni að framleiða vörur, er fullnægi kröfum neytenda um fjölbreytni, verð og gæði.

Við viljum stuðla að því, að undinn verði bráður bugur að mótun almennrar byggðastefnu í landinu og að gerð byggðaaætlananna verði hraðað til muna. Þetta teljum við grundvallaratriði, til að skapa borgurunum aukið afkomuöryggi og uppbyggingu í landinu greiðan farveg.

Við viljum byltingu í skólakerfi landsins, sem tryggji öllum skólaþegum víðsýna menntun, sem leiði til stórfjölgunar þeirra, sem ljúka framhaldsmenntun, og gerbreytingu Háskóla Íslands úr embættismannaskóla aldamótanna í menntastofnun, sem fullnægir kröfum næstu áratuga fyrir sérmenntað fólk.

Við viljum vinna að stórfelldum umbótum í

félags- og heilbrigðismálum, sem rétti hlut hins minni máttar, bæti aðstöðu hinna sjúku til að ná fullri heilsu og tryggi velferð allra landsmanna.


Við viljum varðveita þjóðlegan menningararf og veita listamönnum nýrrar kynslóðar tækifæri til að tengja þjóðlega menningu nýjum tímum í heimi listanna.

Við viljum, framar öllu, tryggja pólitískt og efnahagslegt sjálfstæði Íslands, með náinni samvinnu við Norðurlöndin, traustu starfi við vest-rænar þjóðir og hagnýtri stefnu í markaðsmálum.

Við viljum láta rödd Íslands kveða með nýjum tón á vettvangi þjóðanna og hafa forystu um framgang friðar- og mannúðarmála á erlendri grund.

Þetta er okkar markmið. Þetta eru okkar leiðir. Við heitum á íslenskt æskufólk, sem hefur blásið ferskum vindum um íslenskt þjóðlíf á þessu ári, að hefja með okkur það starf að ryðja Íslandi braut inn á 21. öldina.

(Birt í Mbl. 2. okt. 1968).



Form. S.U.S., Birgir Isl. Gunnarsson, hrl., setur aukabing S.U.S. í Domus Medica, 27. september 1968.

SÆKJUM FRAM

Þjóðmálaverkefni næstu ára

Tillögur þær, sem hér fara á eftir voru lagðar fram á aukabing Sambands ungra Sjálfstæðismanna í lok september 1968. Tillögurnar voru ræddar þar og bornar fram ýmsar breytingartillögur og er þeirra getið neðan við aðaltillögur í hverjum málaflokki, ef þær fela í sér skoðanaágreining, orðalags-tillögur svo og viðaukatillögur, sem ekki fela í sér skoðanaágreining, hafa verið felldar inn í aðaltillögurnar.

Árið 1968 er tímamótaár fyrir æskufólk á Íslandi. Á þessu ári hafa komið fram nýjar hreyfingar meðal ungs fólks, sem sýna vaxandi áhuga á stjórnmálum og sterkan vilja til umbóta á öllum sviðum þjóðlífsins.

Við, ungir Sjálfstæðismenn, viljum taka forystu fyrir þessari hreyfingu. Við viljum setja henni markmið til að vinna að og við viljum berjast fyrir framgangi þeirra markmiða. Við skorum á ungt fólk að skipa sér undir okkar merki og vinna með okkur að því að leiða Ísland inn á nýja öld.

Hvert er okkar verkefni?

Árið 2000 verða Íslendingar 400 þúsund. Á næstu þremur áratugum munu tugþúsundir ungra Íslendinga þurfa menntun, atvinnu og lífshjör, sem sambærileg eru við aðrar þjóðir. Það er verkefni nýrrar kynslóðar Íslendinga að tryggja að svo verði. Það þarf að gera í veröld, sem gerir smáþjóðum stöðugt erfiðara fyrir að halda pólitísku og efnahagslegu sjálfstæði. Það verður meginmarkmið utanríkisstefnu okkar á næstu þremur áratugum, að tryggja þetta sjálfstæði.

Hvernig náum við þessum markmiðum?

Við, ungir Sjálfstæðismenn, viljum vinna að því, að stórauðnu fjár-

magni verði varið til rannsóknarstarfa á sviði íslenzkrar atvinnumála í því skyni að nýta allar auðlindir landsins og byggja á þeim nýjar atvinnugreinar, sem geri afkomu þjóðarinnar óháðari sveiflum í frumatvinnuvegunum.

Við viljum beita okkur fyrir kerfisbreytingu í núverandi atvinnuvegum, sem leiði til samruna fyrirtækja í stærri fyrirtækjaheildir, sem búa yfir meira fjármagni og geta fremur hagnýtt nýja tækni en smáfyrirtækin. Við viljum virkja fjármagn fjöldans til þess að koma þessum kerfisbreytingum fram.

Við viljum byggja upp nýjan útflutningsiðnað, sem byggist á hæfni íslenzkra handa, menntun, og þekkingu nýrrar kynslóðar og nýjum mörkuðum.

Við viljum efla íslenzkan sjávarútveg og fiskiðnað með því að bæta gæði framleiðsluvöru hans.

Við viljum beina landbúnaðinum að því verkefni að framleiða vörur, er fullnægi kröfum neytenda um fjölbreytni, verð og gæði. Niðurgreiðslur á útfluttar búvörur verði lagðar niður.

Við viljum byltingu í skólakerfi landsins, sem tryggi öllum skólabeignum vísýna menntun, sem leiði til stórfjölgunar þeirra, sem ljúka framhaldsskólanámi og gerbreytingu Háskóla Íslands úr embættismannaskóla aldamótanna í menntastofnun, sem fullnægi kröfum næstu áratuga fyrir sérmenntað fólk.

Við viljum stuðla að því, að undinn verði bráður bugur að mótun almennrar byggðastefnu í landinu og að gerð byggðaáætlana verði hraðað til muna. Þetta teljum við grundvallaratriði til að skapa borgurunum aukið afkomuöryggi og uppbyggingunni í landinu greiðan farveg.

Við viljum vinna að stórfelldum umbótum í félags- og heilbrigðismálum, sem rétti hlut hins minni máttar, bæti aðstöðu hinna sjúku til að ná fullri heilsu og tryggi velferð allra landsmanna.

Við viljum varðveita þjóðlegan menningararf og veita listamönnum nýrrar kynslóðar tækifæri til að tengja þjóðlega menningu nýjum tímum í heimi listanna.

Við viljum, framar öllu, tryggja pólitískt og efnahagslegt sjálfstæði

Íslands, með náinni samvinnu við Norðurlöndin, traustu samstarfi við vestrænar þjóðir og hagnýtri stefnu í markaðsmálum.

Við viljum láta rödd Íslands kveða með nýjum tón á vettvangi þjóðanna og hafa forystu um framgang friðar- og mannúðarmála á erlendri grund.

Þetta er okkar markmið. Þetta eru okkar leiðir. Við heitum á íslenzkt æskufólk, sem hefur blásið ferskum vindum um íslenzkt þjóðlíf á þessu ári, að hefja með okkur það starf að ryðja Íslandi braut inn á 21. öldina. Hér á eftir gerum við nánari grein fyrir baráttumálum okkar.

Ný sókn í atvinnumálum

Ungir Sjálfstæðismenn vilja hefja nýja sókn í atvinnumálum þjóðarinnar. Sú sókn hefur þrjúþætt markmið:

- I. að breikka svo grundvöll atvinnulífsins, að óhagstæðar sveiflur í einstökum atvinnugreinum valdi ekki tímabundinni kjaraskerðingu svo nokkru nemi.
- II. að skapa atvinnu fyrir þær tugþúsundir nýrra Íslendinga, sem koma á vinnumarkaðinn á næstu áratugum.
- III. að tryggja, að íslenzk þjóð búi við sömu líf skjör og stærri og öflugri nágrannaþjóðir við Atlantshafið.

Ungir Sjálfstæðismenn fagna því, að stefna núverandi ríkisstjórnar undir forystu Sjálfstæðisflokksins hefur hrundið af stað byltingu í atvinnumöguleikum þjóðarinnar, þótt þar hafi gætt hefðbundins misræmis í fjárfestingu samvirkra atvinnugreina. Lýsum við það sem eindregna skoðun okkar, að grundvöllur sé fyrir hendi undir trausta framfarasókn, þrátt fyrir stórfelldu erfiðleika, sem nú stöðja að í efnahags- og atvinnumálum.

Ungir Sjálfstæðismenn leggja áherzlu á, að sjávarútvegur og fiskiðnaður verða um ófyrirsjáanlega framtíð höfuðatvinnuvegir þjóðarinnar, en vekja athygli á, að vegna tæknibyltingar í sjávarútvegi og vaxandi hagræðingar í fiskiðnaði munu þessar atvinnugreinar ekki sjá hinum mikla fjölda, sem kemur á vinnumarkaðinn á næstu áratugum, fyrir nægri at-

vinnu. Ungir Sjálfstæðismenn lýsa því yfir þeirri staðföstu trú sinni, að byggja verði upp stórfelldan útflutningsiðnað, sem byggist á innlendum og erlendum hráefnum, menntun, hugkvæmni, smekkvísi og vandvirkni íslenzkra iðnrekenda, iðnaðarmanna og verksmiðjufólks í iðnaði. Til þess að þetta megi takast verður að opna iðnaðinum aðgang að stórum erlendum mörkuðum.

Ungir Sjálfstæðismenn fagna forystuhlutverki Sjálfstæðisflokksins fyrir uppbyggingu orkufreks stóriðnaðar og vilja vinna að áframhaldandi uppbyggingu orkufreks iðnaðar, en til þess verður að stórauка rannsóknarstarfsemi og leiða þannig í ljós þau tækifæri, sem fyrir hendi eru.

Ungir Sjálfstæðismenn benda á, að Íslendingar hafa frá árinu 1959 greitt nær 1500 milljónir króna með útfluttum landbúnaðarafurðum og telja að þegar í stað verði að gera ráðstafanir til að hætta þessum greiðslum.

Ungir Sjálfstæðismenn telja, að forsendan fyrir þessari þróun í atvinnu-málum hjóðarinnar sé nánara samstarf og samruni fyrirtækja í stærri einingar, sem hafi yfir að ráða meira fjármagni og eru betur undir það búin að taka í sína hjónustu nýja tækni. Ungir Sjálfstæðismenn telja jafnframt nauðsynlegt að virkja fjármagn fjöldans í þágu atvinnulífsins með beinni þátttöku almennings í atvinnurekstri. Hér á eftir er gerð grein fyrir tilögum ungra Sjálfstæðismanna í einstökum greinum atvinnulífsins:

Rannsóknir og nýjar atvinnugreinar.

1. Fjármagn til rannsóknastarfa á sviðum aðalatvinnugreina landsmanna svo og orkufreks iðnaðar og nýrra atvinnugreina á öðrum sviðum verður að stórauка. Í þessu skyni verði samtökum atvinnuveganna gert kleyft að afla fjármagns til rannsókna og tilraunastarfsemi. Jafnframt er lögð áherzla á það, að framkvæmd þessara mála verði í höndum einstaklinga og samtaka þeirra, en ekki í höndum ríkisvaldsins.

2. Kanna ber sérstaklega eftirfarandi verkefni:

- 1) sjóefnavinnsla
- 2) olíuhreinsunarstöð
- 3) járnbræðsla
- 4) kjarnfóðurmylla
- 5) grasmjölframléiðsla

- 6) áliðnaður
- 7) sykurhreinsunarverksmiðja
- 8) loðdýrarækt
- 9) silisíumframléiðsla
- 10) rafeindaiðnaður
- 11) biksteinsnám
- 12) sítunariðnaður
- 13) fosfórvinnsla
- 14) þaravinnsla
- 15) framléiðsla mannelismjöl
- 16) fiskirækt
- 17) þungavatnsframléiðsla
- 18) veiðafæragerð

Markaðsmál.

1. Þegar í stað verði teknar upp viðræður við Fríverzlunarbandalag Evrópu um væntanlega aðild Íslands að því, til þess að tryggja hagsmuni sjávarútvegsins og opna iðnaðinum nýja markaði.
2. Unnið verði að því að tryggja viðskiptahagsmuni Íslands í aðildarríkjum Efnahagsbandalagsins.
3. Utarríkisráðuneyti og viðskiptamálaráðuneyti verði sameinuð og utanríkisþjónustan sinni fyrst og fremst markaðsleit og viðskiptahagsmunum Íslands. Staðsetning sendiráða erlendis verði endurskoðuð og athugað, hvort tímabært sé að setja á fót sendiráð í Afríku.
4. Komið verði á fót útflutningsráði, sem skipað verði fulltrúum atvinnuveganna, viðskiptamálaráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins. Meginverkefni ráðsins er að hafa með höndum skipulagða og sífellda markaðsleit í samvinnu við utanríkisþjónustu. Ungir menn úr útflutningsatvinnuvegunum starfi erlendis á vegum ráðsins við markaðsöflun, og séu þeir ekki opinberir embættismenn, en ráðnir til 3—4 ára í senn.
5. Viðskiptafulltrúar verði skipaðir við öll íslensk sendiráð erlendis og sinni þeir viðskiptahagsmunum landsins og markaðsleit.
6. Fjármagn til markaðsleitar verði stóraukið.

7. Skipulag útflutningsverzlunarinnar verði endurskoðað í samráði við atvinnuvegina.

Tillaga kom fram um að 7. liður yrði á þessa leið: Útflutningsverzlunin verði gefin frjáls.

Lagt var til, að fyrri hluti í lið nr. 3 félli niður og einnig liður nr. 5.

Fjármagn.

1. Sett verði á stofn fjárfestingarstofnun með samvinnu ríkis og einkaaðila, sem leiti nýrra tækifæra í atvinnumálum, hrindi þeim í framkvæmd og selji síðan einkaaðilum.
2. Gerðar verði ráðstafanir til að örva þátttöku almennings í atvinnufyrirtækjum með beinum fjárframlögum m.a. með því að koma á fót verðbréfamarkaði.
3. Lánastofnanir komi á fót tæknideildum, sem fylgist nákvæmlega með rekstri þeirra fyrirtækja, sem fjárfest er í, og veiti leiðbeiningar um rekstur þeirra. Vandað verði til undirbúnings nýrra fyrirtækja og þjóðhagslegt mat á arðsemisgrundvelli verði látið skera úr hvort fjármagn skuli lánað til nýrra fyrirtækja.
4. Leitast verði við að laða erlent fjármagn til þátttöku í atvinnuuppbyggingu á Íslandi og m. a. tekin upp samvinna við alþjóðastofnun á því sviði (IFC).

Sjávarútvegur og fiskiðnaður.

1. Það verði talinn hornsteinn íslensks sjávarútvegs, að sú fjárfesting þjóðarinnar, sem miðar að nýtingu fiskimiða, vinnslu afla og sölu afurða, sé í arðrænu samræmi innbyrðis, og stefnt verði að því, að verðmæti hráefnis verði sem minnstur hluti útflutningsverðmætisins.
2. Nauðsynlegt er, að sjávarútvegur og fiskiðnaður búi hverju sinni við traustan rekstrargrundvöll, sem tryggi heilbrigðan rekstur atvinnufyrirtækja í þessum atvinnugreinum.
3. Hafist verði handa um endurnýjun togaraflotans og þorskveiðibátanna og leitast verði við að koma á tæknibyltingu í þessum greinum sjávarútvegsins.

4. Brýna nauðsyn ber til að settar verði nýjar reglur um hagnýtingu landhelginnar er séu í meira samræmi við raunverulega framkvæmd landhelgisgæzlunnar, en þær sem í gildi eru.
5. Fiskifræðingar telja að sóknin á fiskstofnana sé nú í hámarki og þess vegna er nauðsynlegt að bæta meðferð aflans og gæði framleiðslunnar.
5. Fiskifræðingar telja að sóknin á fiskstofnana sé nú í hámarki og þess vegna er nauðsynlegt að bæta meðferð aflans og gæði framleiðslunnar.
6. Hagræðing í hraðfrystiðnaðinum hefur stóruáhrif hin síðar ár, sérstaklega í stóru frystihúsunum. Nauðsynlegt er að endurskipuleggja hraðfrystiðnaðinn og stuðla að stærri einingum í honum ásamt aukinni hagræðingu.
7. Tilraunir til aukinnar vinnslu síldaraflans hafa gengið illa. Nauðsynlegt er að gera róttækar ráðstafanir til þess að byggja hér upp fullkominn niðursuðu- og niðurlagningariðnað á sviði síldarafurða og annarra sjávarafurða í samvinnu við erlenda aðila, sem hafa til að bera tæknikunnáttu og aðstöðu á erlendum mörkuðum.
8. Koma ber á fót Fiskiðnaðarskóla er sérmennti starfsfólk í fiskiðnaði og verði þannig stuðlað að batnandi gæðum framleiðslunnar.
9. Nauðsynlegt er að efla markaðsaðstöðu Íslendinga í V.- og A.-Evrópu m. a. með byggingu svipaðra verksmiðja í þessum löndum og í Bandaríkjunum.

Iðnaðarmál.

1. Vinna ber að nánara samstarfi og samruna fyrirtækja í iðnaðinum með það fyrir augum, að hann verði betur fær um að hefja útflutningsframleiðslu, er nýir markaðir opnast t. d. í EFTA-löndunum.
2. Nú þegar ber að hefja athugun á því, hvaða iðngreinar séu líklegastar til að hefja útflutningsstarfsemi, og er þar sérstaklega bent á möguleika stóruáhrifinnar vinnslu úr íslenskri ull og útflutning á framleiðsluvörum úr henni.
3. Sérstaka áherzlu ber að leggja á að ýta undir iðnfyrirtæki, sem framleiða eingöngu fyrir innanlandsmarkað, en veita mikla atvinnu.

4. Stofnuð verði hönnunarmiðstöð (Design Center), er kynni nýjungar á sviði hönnunar, vörusköpunar og vöruþróunar, til þess að glæða áhuga á og opna augu framleiðenda og neytenda fyrir gildi góðrar hönnunar.
5. Iðngreinum, sem nú búa við verulega tollvernd, verði veittur hæfilegur tími til að laga sig að breyttum markaðsaðstæðum og samræmdir verði tollar á hráefnum og fullunnum vörum, þar sem mismis gætir.
6. Gæði iðnmenntunar verði aukin, einkum í þeim greinum, sem eru undanfari frekari tæknináms. Fjárframlög til iðn- og tæknimenntunar verði stórlega aukin.
7. Tækniástoð við íslensk iðnfyrirtæki verði aukin og greitt fyrir tækninýjungum í iðnaði.
8. Almenn fræðsla um gildi iðnaðarins verði aukin, þannig að almenníngi verði ljóst mikilvægi iðnaðarins fyrir þjóðarbúið.

Landbúnaður.

1. Stefnt verði að því að efla íslenskan landbúnað, svo að unnt verði að framleiða búvöru, er fullnægi kröfum neytenda, um verð og gæði. Eigi verði greiddir styrkir vegna útfluttra landbúnaðarvara.
2. Viðmiðunarbúið stækki á næstu 6—7 árum, þannig að í lok þess tímabils verði íslenskur landbúnaður fær um að framleiða búvörur, á verðlagi sem næst því, er tíðkast annars staðar.
3. Býlin verði af þeirri stærð og þannig búin og staðsett, að þau geti greitt sambærileg laun og annar atvinnurekstur í landinu. Fram fari athugun á möguleikum stærri rekstrareininga í landbúnaði sbr. samvinna bænda um félagsbú, samlagsfjós o. s. frv.
4. Dregið verði úr afskiptum ríkisvaldsins af málefnum landbúnaðins þannig, að opinberir aðilar geri ekki upp milli einstakra þátta búvöruframleiðslunnar, hvorki að því er varðar fjárfestingu eða rekstrarfé til framleiðslunnar, né söluverðs afurðanna. Horfið verði frá núverandi stefnu um verðjöfnun einstakra búvara, en í stað þess að því miðað, að framleiðslan verði þannig staðsett, að sem mestur árangur náist fyrir þjóðarbúið.

5. Unnið verði að frekari vinnslu úr landbúnaðarafurðum þannig, að þær fáiast í hagkvæmum neytendaumbúðum.
6. Öll yfirstjórn landbúnaðarmála verði tekin til rækilegrar endurskoðunar.
7. Rannsóknir á sviði búnaðarmála og greið dreifing á niðurstöðum slíkra rannsókna er grundvallaratriði framfara í atvinnuveginum. Þetta á ekki síður við um tæknihlið búnaðarins en þá hlið, er snýr að eiginleikum afurða.

Lagt var til, að „Eigi verði greiddir styrkir vegna útfluttra landbúnaðarvara“, í lið nr. 1, félli niður.

Verzlun.

1. Opinber verðlagsákvæði verði felld niður enda hafa þau í för með sér takmarkað vöruval, lélegri vöru og ýta undir miður heiðarlega viðskiptahætti. Frjáls samkeppni tryggir best eðlilega verðlagningu og dreifingu verzlunarvöru í landinu.
2. Komið verði á fót neytendaráði, sem standi fyrir rannsóknum á vörugæðum og fylgist með því að hagsmunasamtök komi ekki í veg fyrir eðlilega samkeppni og hindri þannig réttláta verðmyndun.
3. Hraðað verði setningu laga um eftirlit með hringamyndunum.
4. Verzluninni verði gert kleift að fylgjast með þróuninni í þjónustu við neytendur t. d. með því að byggja upp stórar verzlunarmiðstöðvar á þéttbýlissvæðum, sérstaklega í úthverfum.
5. Verzlunarlöggjöfin verði endurskoðuð.
6. Ríkiseinkasölur verði felldar niður á þeim vörutegundum, sem eðlilegt er að verzlunin hafi með höndum og ekki hafa afgerandi áhrif á fjárhagsafkomu ríkissjóðs.

Menntamál.

Ungir Sjálfstæðismenn munu berjast fyrir gjörbyltingu í menntamálum þjóðarinnar, enda er það forsenda þess, að atvinnulíf hennar þróist með þeim hætti að tugþúsundum nýrra Íslendinga verði tryggð atvinna á næstu

áratugum og Íslendingum aldamótanna þau lífskjör, sem fjölmennari og auðugri nágrannaþjóðir okkar við Atlantshafið munu ná á þessu tímabili.

Ungir Sjálfstæðismenn lýsa þeirri skoðun sinni, að kjarninn í þeim umbótum, sem koma þarf fram í menntamálum, hljóti að vera sá, að stórkauka fjölda þess æskufólks, sem lýkur framhaldsmenntun af hverjum aldurflokki og leggur stund á langskólanám.

Ungir Sjálfstæðismenn benda á, að 10—11% af hverjum aldursflokki íslenskra æskumanna ljúka nú stúdentsprófi og er það með því lægsta, sem þekktist í Evrópulöndum. Ungir Sjálfstæðismenn telja að stefna beri að því að 30% af hverjum aldursflokki ljúki stúdentsprófi og leggi stund á háskólanám. Verði unnt að ná þessu marki, tekst að sinna þörfum atvinnulífsins og þjóðarinnar fyrir sérmenntað fólk á næstu þremur áratugum — annars ekki. Ungir Sjálfstæðismenn vilja breyta fræðslukerfinu á þann hátt, að Íslendingar verði gjaldgengir borgarar í iðnaðarþjóðfélagi. Kennslan verður að beinast að því að kenna mönnum að draga sjálfstæðar ályktanir. Núverandi kerfi menntar ekki einstaklinga, sem hafa frumkvæði að nýjum viðhorfum, heldur dygga þjóna hins viðurkennda.

Ungir Sjálfstæðismenn vilja beita sér fyrir eftirtöldum umbótum í skóla-kerfinu og á sviði fræðslumála, til þess að ofangreindu marki verði náð:

1. Skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins verði breytt í sjálfstæða og óháða Rannsóknarstofnun fræðslumála með, stórauðnum mannafla og stórauðnu fjármagni.
2. Yfirstjórn fræðslumála verði að öðru leyti samræmd í menntamálaráðuneytinu og framfylgt ákvörðun Alþingis um að leggja niður embætti fræðslumálastjóra og skrifstofu hans. Ráðherra menntamála gegni ekki öðrum ráðherraembættum.
3. Uppbyggingu framhaldsskólastigsins verði breytt. Í stað margra og tiltölulega lokaðra menntabrauta, sem nú er um að velja að loknu barnaprófi, komi samfelldur framhaldsskóli, sem veiti vól á mismunandi menntaleiðum með mismunandi hraða og veiti nemendum tækifæri til að breyta um stefnu frá einni menntaleið til annarra allt fram á síðustu stig framhaldsskólanámsins.
4. Starfsemi Háskóla Íslands verði tekin til mjög gagngerðar endurskoðunar. Háskóli Íslands hefur frá stofnun sinni fyrst og fremst

menntað embættismenn og lækna. Þessi starfsemi sinnir ekki þörfum atvinnulífsins í sérhæfðu tækniþjóðfélagi framtíðarinnar. Háskóla Íslands ber að breyta starfsemi sinni til samræmis við nýjar kröfur og leggja stórauðna áherzlu á menntun sérfræðinga á sviði tækni og stjórnunar í atvinnulífinu.

5. Grundvallarforsenda raunhæfra umbóta á sviði fræðslumála eru sú, að vel menntaðir kennarar séu fyrir hendi. Kennaraskóli Íslands getur sinnt þörfum barnaskólastigsins fyrir kennara en það hlýtur að vera hlutverk háskólans að mennta kennara til starfa á framhaldsskólastiginu. Háskóli Íslands þarf að stórauðna starfsemi sína á sviði kennaramenntunar.
6. Skólabyggingar á Íslandi eru staðnaðar í formi. Bæta þarf starfsaðstöðu kennara og námsaðstöðu nemenda með vinnuherbergjum fyrir kennara og skólabókasöfnun og vinnuadstöðu fyrir nemendur.
7. Í nánnum tengslum við breytingu á uppbyggingu framhaldsskólastigsins þarf að endurskoða allt námsefni skólanna og jafna námsefnið meira á milli aldursflokka og skólastiga. Jafnframt þarf að gera þroskaðri nemendum kleift að ljúka námi í barnaskólum á skemmri tíma en nú er. Stórauðna þarf kennslu í raunvísindum og félagsfræðum. Við kennsluna sjálfa þarf að nýta kennslutækni og ný kennslutæki og miða kennsluna á framhaldsskólastigi við að undirbúa þá nemendur, sem hyggja á háskólanám, undir þau vinnubrögð, sem tíðkast í háskólum.
8. Koma þarf á fót forskóla fyrir 6 ára börn, sem starfi í sömu barnaskólum og börnunum er ætlað að sækja, og búi þau undir barnaskólanám.
9. Deild í fiskiðnfræði á að stofna við Háskóla Íslands í nánnum tengslum við Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins og byggja þá deild upp sem kennsludeild á heimsmælikvarða. Til þess eiga að vera allar aðstæður m. a. velmenntaðir vísindamenn og mikil reynsla Íslendinga í fiskiðnaði.
10. Nauðsynlegt er, að ungt fólk njóti sem jafnastrar aðstöðu til að afla sér menntunar, hvar sem það býr á landinu. Sjóðsstofnun til styrktar ungu fólki úr strjálbýlinu, sem þarf að stunda nám fjarri heimilum sínum, er spor í rétta átt.

Tillaga kom fram um það, að fyrri málsgrein í lið nr. 6 félli niður. Lagt var til, að niður nr. 8 félli niður.

Félagsmál.

Ungir Sjálfstæðismenn vilja beita sér fyrir stórfelldum umbótum á félagslegri þjónustu hins opinbera, enda gerir hin öra breyting frá aldagömlu bændaþjóðfélagi til háþróaðs borgarasamfélags ríkar kröfur til þess. Ungir Sjálfstæðismenn minna á, að ákvæði um félagslega aðstoð við þá, sem mega sín lítills í þjóðfélaginu, var að finna þegar á þjóðveldisöld í lögþókinu Grágás. Félagsleg ábyrgð stendur því djúpum rötum í íslenzku þjóðlífi.

Ungir Sjálfstæðismenn benda á, að félagsleg þjónusta og ábyrgð í nútímaþjóðfélagi hefur tvö meginmarkmið:

I. að tryggja að samfélagsheildir og einstakar stofnanir hennar stuðli að sannri velferð einstaklingsins og verndi hann gegn firringaröflum vélrænnar tæknialdar.

II. að styðja þá, sem orðið hafa undir í lífsbaráttunni til sjálfsbjargar.

Í samræmi við þessi meginmarkmið fylgir nýskipan félagsmálastarfs, sem leggur til grundvallar þrjú meginhugtök: Fjölskylduvernd, endurhæfingu fjölskyldna og einstaklinga og fyrirbyggjandi starf.

Félagsleg vandkvæði eru yfirleitt ekki einangrað fyrirbrigði, hvort sem um er að ræða barnaverndarmál, unglingsvandamál, áfengisböl, húsnæðismál eða málefni aldraðra. Þau eiga sínar orsakir í röskun á eðlilegu jafnvægi fjölskyldunnar. Þess vegna ber að samræma og samhæfa sem flesta þætti hinnar félagslegu þjónustu þannig, að hver fjölskylda sé meðhöndluð sem ein heild.

Ungir Sjálfstæðismenn fagna því frumkvæði Sjálfstæðismanna í Reykjavík, sem leitt hefur til endurskipulagningar á félagsmálastarfi Reykjavíkurborgar, en með því er lagður grundvöllur að félagslegri þjónustu, sem er í samræmi við kröfur nýrra tíma.

Ungir Sjálfstæðismenn vilja beita sér fyrir eftirtöldum aðgerðum til þess að ná framangreindum markmiðum:

1. Allir þættir félagsmála þ.á.m. húsnæðismál, tryggingarmál og heil-

brigðismál falli undir sama ráðuneyti, félags- og heilbrigðismálaráðuneyti.

2. Félagsleg þjónusta sveitarfélaga falli undir eina stjórn sbr. nýskipan á félagsmálastarfi Reykjavíkurborgar, en horfið verði frá dreifingu ábyrgðar á marga aðila, svo sem framfærslunefnd, barnaverndarnefnd, áfengisvarnarnefnd o. s. frv.
3. Félagsfræðilegar rannsóknir verði stórauknar á sem flestum þáttum íslenzks þjóðlífs og kennsla í þjóðfélagsvísindum tekin upp við Háskóla Íslands. Sérfróðir félagsmálastarfsmenn svo sem félagsráðgjafar verði menntaðir innanlands.
4. Sett verði ný heildarlöggjöf um félagsmál.
5. Gert verði heildarskipulag um uppbyggingu félagsmálastofnana, svo sem vistheimila og upptökuheimila fyrir börn og ungmenni með líkamlega og/eða andlega annmarka, mæðraheimili fyrir ungar, einstæðar mæður, hvíldarheimili fyrir húsmæður, endurhæfingarstöðvar fyrir áfengissjúklinga og deyfilyfjaneytendur og íbúðir fyrir aldraða.
6. Áherzla verði lögð á málefni ungmenna með tilliti til breytinga á stöðu og hlutverki fjölskyldunnar í borgarsamfélagi. Sérstaklega verði gefinn gaumur að vandamálum afbrotabarna og unglinga svo og ófélagsbundinnar æsku. Sköpuð verði aðstaða til að sinna börnum og ungmennum, sem eiga við geðræna sjúkdóma að stríða.
7. Leitast verði við að aðstoða ungar, ógiftar mæður í því skyni, að þeim megi takast að búa börnum sínum farsælt og fjárhagslega tryggt heimilislíf.
8. Kennsla í kynferðismálum verði stóraukin og endurbætt í skólum og þannig spyrnt gegn þeirri óheillavænlegu þróun, að stúlkur ali börn fyrir aldur fram.
9. Unnið verði að málefnum aldraðra með það fyrir augum að forðast einangrun gamla fólksins og að tengsl þess við uppvaðandi kynslóð rofni m. a. með því að tryggja nábyli kynslóðanna í íbúðarhverfum.
10. Unnið verði skipulega að uppbyggingu dagheimila og leikskóla og gæzluleikvalla í þéttbýli um land allt. Ríkið taki þátt í kostnaði við þá uppbyggingu.

11. Stefnt skal að því, að starfsemi frjálsra félagssamtaka og stofnana, sem að félags- og líknarmálum vinna taki að sér í vaxandi mæli verkefni til félagslegra úrbóta í þjóðfélaginu.
12. Þar sem aðstoð hins opinbera við líknarstarfsemi hefur verið tilviljanakennd og ekki í samræmi við þarfirnar, verði allar slíkar styrkveitingar endurmetnar.
13. Í sambandi við stofnkostnað og framkvæmd félagsmála og heilbrigðismála er nauðsynlegt að gæta mun betur að hagræðingu og nýtingu fjár þar sem reynt sé að samræma betur nauðsyn þjónustunnar og greiðslugetu skattgreiðenda.

Tillaga kom fram um það, að aftan við lið nr. 11 kæmi áskorun um að felldir yrðu niður tollar af ýmsum lækningatækjum og með því móti ýtt undir starfsemi frjálsra félagssamtaka og stofnana.

Lagt var til, að orðin „ófélagsbundinna æsku“ í lið nr. 6 féllu niður.

Lagt var til, að felld verði niður úr lið nr. 8 setningin: „Og þannig spyrnt gegn þeirri óheillavænlegu þróun...“

Heilbrigðismál

Ungir Sjálfstæðismenn vilja vinna að víðtækum umbótum í heilbrigðismálum. Í þeim efnum er fryst og fremst um tvö meginverkefni að ræða, annars vegar lækniþjónustu í dreifbýli og þéttbýli og hins vegar skort á sjúkrarými og aðstoðu til eftirmeðferðar sjúklinga eftir að sjúkkravist lýkur.

Ungir Sjálfstæðismenn vilja því vinna að eftirfarandi umbótum:

1. Yfirstjórn heilbrigðismála verði endurskipulögð og sett á stofn sérstakt félags- og heilbrigðismálaráðuneyti sbr. tillögur um félagsmál.
2. Hraðað verði framkvæmdum við þau sjúkrahús, sem í byggingu eru, og jafnframt gerð ítarleg áætlun um sjúkrarúmaþörf fram í tímann.
3. Sérstök áherzla verði lögð á að fullnægja þeirri þörf, sem nú er fyrir hendi á sjúkrarúmum fyrir geðsjúklinga, en talið er að 300—400 rúm skorti til þess að viðunandi ástand geti talizt nú þegar.
4. Hafizt verði handa um byggingar endurhæfingarstöðva og hvíldarheimila fyrir sjúklinga, sem þurfa eftirmeðferðar við að lokinni sjúkrahúsvist. Í því sambandi verði sérstaklega athugað um bygg-

- ingu hjúkrunarspítala, sem taki við sjúklingum að lokinni meðferð á reglulegum sjúkrahúsum og leiði þannig til betri nýtingar þeirra.
5. Hraðað verði framkvæmd laga, sem miða að því að bæta lækniþjónustu í dreifbýli með því að koma á fót lækni- og stöðvum á landsbyggðinni.
6. Lækniþjónusta á höfuðborgarsvæðinu verði skipulögð eftir hverfum.
7. Kannað verði með hverjum hætti unnt er að bæta úr skorti á hjúkrunarkonum, sem byggist á of mikilli hreyfingu menntaðra hjúkrunarkvenna úr starfi og til annarra starfa.
8. Stuðlað verði að stórauðnu fyrirbyggjandi starfi eins og áður tíðk-aðist á sviði hjartaverndar og krabbameinsleitar.
9. Leitast verði við að draga úr því misvægi, sem nú er á dreifingu sjúkrarúma í landinu.
10. Tannlæknaþjónusta verði á svipaðan hátt og önnur lækniþjónusta innan ramma tryggingakerfisins.
11. Bætt verði úr skorti á sjúkrarými fyrir kvennsjúkdómasjúklinga.

Almannatryggingar.

Ungir Sjálfstæðismenn leggja áherzlu á nauðsyn þess, að stöðugt verði unnið að því að efla almannatryggingar og lýsa jafnframt yfir þeirri grundvallarstefnu sinni að almannatryggingar eigi fyrst og fremst að tryggja velferð aldraðs fólks, öryrkja, einstæðra mæðra og ekkna.

Ungir Sjálfstæðismenn benda á eftirfarandi umbætur á almannatryggingakerfinu:

1. Hraðað verði stofnun Lífeyrissjóðs fyrir alla landsmenn.
2. Greiðslur til gamals fólks, öryrkja, ekkna og einstæðra mæðra verði auknar.
3. Greiðslu fjölskyldubóta í núverandi mynd verði hætt en barnafrádráttur til skatts aukinn að sama skapi.
4. Aðstoð við þá sem leita þurfa kostnaðarsamrar læknishjálpar erlendis verði stórauðin.

5. Kannað verði hvort tímabært sé að fella niður sjúkrasamlagskerfið, en leggja starfsemi þess undir Tryggingastofnun ríkisins.

Þær breytingartillögur, sem fram komu, voru allar efnislegar. Lagt var til, að greiðslu fjölskyldubóta í núverandi mynd skyldi hætt. Einnig kom fram tillaga um það, að sjúkratryggingar verði fengnar tryggingarfélögum í hendur, sem starfi á samkeppnisgrundvelli, en hið opinbera greiði aðeins iðgjöld fyrir þá, sem verst eru staddir í þjóðfélaginu. Þá kom einnig fram tillaga um það, að aftan við fyrstu málgrein komi: „... enda sé þess alltaf gætt að miða greiðslur við efnahag og þær séu undanþegnar skatti.“

Húsnæðismál.

Ungir Sjálfstæðismenn lýsa yfir þeirri meginstefnu í húsnæðismálum, að sem allra flestir, fjölskyldur og einstaklingar, ungir og gamlir, efnadir eða minni efnum búnir, búi í eigin húsnæði. Markmiðið í húsnæðismálum er að gera þetta kleift.

Ungir Sjálfstæðismenn benda á, að vaxandi þéttbýli og mikil fjölgun ungs fólks á næstu áratugum auka stöðugt þörfina á nýju íbúðahúsnæði. Ungir Sjálfstæðismenn minna einnig á, að húsnæðismálin eru stærsta vandamál ungs fólks á vissu aldursskeiði eða u. þ. b. sem það stofnar til hjúskapar og næstu ár á eftir. Húsnæðismálin eru því sérstakt hagsmunamál ungu kynslóðarinnar og hljóta jafnan að vera það.

Ungir Sjálfstæðismenn telja að í húsnæðismálunum séu fyrst og fremst þrjú meginmarkmið, sem stefna beri að:

- I. að lækka byggingarkostnaðinn með stöðugu rannsóknarstarfi á nýjum byggingarefnum, nýjum byggingaraðferðum og hagkvæmari vinnubrögðum.
- II. að efla svo lánakerfi húsnæðismála að bygging og kaup eigin húsnæðis valdi ekki óeðlilegri röskun á högum þeirra þjóðfélagsþegna, sem að því vinna hverju sinni.
- III. að gera efnalítlum fjölskyldum og láglaunafólki kleift að eignast eigið húsnæði.

Ungir Sjálfstæðismenn lýsa sig fylgjandi því að samfélagslegt átak sé gert til þess að gera efnalítlu fólki kleift að eignast eigið húsnæði, en lýsa

þeirri skoðun sinni, að sjálf framkvæmdin eigi að vera í höndum einstaklinga og samtaka þeirra í byggingariðnaðinum, enda sé hún boðin út á frjálsum samkeppnisgrundvelli.

Ungir Sjálfstæðismenn vilja beita sér fyrir eftirtöldum aðgerðum til þess að ná framangreindum markmiðum:

1. Húsnæðislánakerfinu þ. e. Byggingarsjóði ríkisins, lífeyrissjóðum og öðrum lánastofnunum, verði gert kleift að lána allt að 80% byggingarkostnaðar til langs tíma. Jafnframt verði veitt lán til kaupa á eldra húsnæði. Stuðlað verði að því, að ungt fólk, sem giftir sig, en er barnlaust, hafi sömu möguleika til lántöku og aðrir. Lánsúmsóknir til húsnæðismálastjórnar verði afgreiddar eftir tímaröð.
2. Sparifjáröfnun húsnæðisbyggjenda verði örvuð m. a. með því að koma á fót verðtryggðum byggingarsjóðum, sem væntanlegir húsnæðisbyggjendur geti lagt sparifé sitt í og með reglubundnum framlögum eignast það eigið fé, sem á vantar til þess að standa undir byggingarkostnaði ásamt opinberum lánum.
3. Rannsóknarstarfsemi á sviði byggingariðnaðarins verði eflað og stóraukin áherzla lögð á rannsóknir á nýjum byggingarefnum, ekki sízt íslenskum, með lækkuðu byggingarkostnaði í huga. Nauðsynlegt er, að allar niðurstöður rannsókna, innlendra og erlendra, verði aðgengilegar hjá einum aðila, t. d. Íðnaðarmálastofnun Íslands.
4. Haldið verði uppi víðtæku fræðslustarfi til þess að draga úr stærð og íburði íbúða, og stuðla að þeirri þróun m. a. með ákvæðum opinberra húsnæðislánasjóða.
5. Endurskoðun fari stöðugt fram á vinnumati byggingariðnaðarmanna, þannig að nýjar byggingaraðferðir og tækni á vinnustað komi húsnæðisbyggjendum einnig til góða.
6. Stuðlað verði að endurskipulagningu byggingariðnaðarins, þannig að stórir og fjármagnsstærkir byggingaraðilar rísi upp, sem geti tekið að stór verkefni á sviði byggingarmála, svo sem Breiðholtsframkvæmdir ríkis og borgar. Slíkir aðilar sitji við sama borð um aðgang að fjármagni til byggingarframkvæmda og opinberir aðilar.
7. Stuðlað verði að aukinni fjöldaframleiðslu íbúða eða íbúðahluta, bæði verksmiðjuframleiddra og framleiddra á byggingarstað. Efla

ber vélvæðingu við byggingaframkvæmdir með endurskoðun á tollalöggjöfinni, er miði að lækkun vélakosts byggingariðnaðarins.

Tillögur um efnislegar breytingar komu fram: Lagt var til, að niðurlag greinar nr. 1: „Jafnframt verði veitt lán til kaupa á eldra húsnæði“, félli niður, en þeirri breytingartillögu var mótmælt á þeirri forsendu, að með því að veitt væru lán til kaupa á eldra húsnæði, yrðu hverfi „blandaðri“ en ella, þ. e. ekki svo til eingöngu byggð yngra fólki, auk þess sem skólar nýttust miklum mun betur.

Menningarmál.

Ungir Sjálfstæðismenn telja, að í menningarmálum þjóðarinnar sé um tvö höfuðverkefni að ræða: annars vegar að bæta aðbúð íslenskra listamanna og gera þeim betur kleift en nú er að sinna skapandi lista- og menningarstarfi, hins vegar að tryggja sem víðtækasta dreifingu þeirra verka, sem íslenskir listamenn skapa.

Ungir Sjálfstæðismenn leggja áherzlu á, að grózkumikið menningarlíf, sem tengir saman aldagamla þjóðmenningu og listamenn hins nýja tíma, er ein meginforsenda þess, að Íslendingum takist að varðveita sjálfstæði sitt í heimi örra breytinga, sem gerir smáþjóðum stöðugt erfiðara fyrir að halda sérkennum sínum, tungu og þjóðlegri menningu.

Ungir Sjálfstæðismenn vilja vinna að eftirfarandi:

1. Tónlist, myndlist og bókmenntum verði veitt út um alla landsbyggð með alltidum heimsóknum listafólks og skipulögðum listsýningaferðum, þannig að dreifbýlisbúar færast nær menningarlífi þjóðarinnar. Um leið yrði þessum heimsóknum beitt til að lífga upp á staðnað og áhugadrepani skólakerfi okkar og veita þannig sannri menningu til æskunnar áður en hún er orðin andsnúin sjálfu hugtakinu að óþekktu.
2. Listkynningarstarf sjónvarps verði stóraukið og þannig stuðlað að auknum áhuga alls almennings á þjóðlegri menningu og listum.
3. Byggt verði yfir Listasafn ríkisins og á þess vegum verði stórauknar myndlistarsýningar um land allt, þannig að fólkið í dreifbýlinu fái að njóta verka myndlistarmanna okkar ekki síður en íbúar þéttbýlisins.

4. komið verði á fót tónlistarmiðstöð, sem hafi yfirumsjón með allri tónlistarkynningu og tónlistarfræðslu í landinu en í tengslum við hana starfi Tónlistarskólinn og aðrir slíkir skólar, tónlistarfélag og Sinfóníuhljómsveitin.
5. Það verði höfuðverkefni slíkrar tónlistarmiðstöðvar að auðvelda íslenskum tónskáldum að koma verkum sínum á framfæri.
6. Stofnuð verði íslensk ópera og hafizt handa um byggingu óperuhúss og hljómleikahallar.
7. Ýtt verði undir vaxandi íslenskra leikritun m. a. með því að gefa íslenskum leikskáldum rýmri tækifæri til að sýna verk sín í leikhúsum landsins og sjónvarpi.
8. Hafizt verði handa um byggingu borgarleikhúss í Reykjavík.
9. Kannað verði, hvort heppilegt sé að sameina leiklistarskóla leikhúsanna tveggja í einn fullkominn leiklistarskóla.
10. Teknar verði upp stórauknar styrkveitingar til ungra listamanna. Fremstu listamenn þjóðarinnar fái greidd föst laun frá ríkinu.
11. Tollar verði felldir niður af bókagerðarefni og þannig stutt að grózkumikilli bókaútgáfu.
12. Íslendingar hafa á síðustu árum eignast sérmenntaða menn á sviði kvikmyndagerðar. Nauðsynlegt er að veita þeim aðstöðu til að sinna listgrein sinni og þá t. d. í tengslum við íslenska sjónvarpið.

Lagt var til, að liður nr. 6 væri á þessa leið: Stofnuð verði íslensk ópera við þjóðleikhúsið og nauðsynlegt fjármagn til þess tryggt.

Þá var lagt til, að liðir nr. 4 og 7 féllu brott.

Utanríkis- og öryggismál.

Ungir Sjálfstæðismenn vekja athygli á þeim breytingum, sem eru að verða í samskiptum þjóða, nánara samstarfi á milli þeirra og augljósari tilhneigingu til stofnunar ríkjabandalaga. Ungir Sjálfstæðismenn benda á, að þessi þróun mun tvímælalaust halda áfram með vaxandi hraða á næstu áratugum og leiða til pólitískrar einingar að verulegu leyti í kjölfar efnahagslegs samstarfs.

Ungir Sjálfstæðismenn líta svo á, að meginverkefni íslenzkrar utanríkisstefnu fram að næstu aldamótum verði að varðveita pólitískt sjálfstæði landsins í heimi, sem skapar smáþjóðunum mikla erfiðleika, jafnframt því sem viðskiptahagsmunir landsins verði tryggðir innan efnahagsbandalaganna.

Ungir Sjálfstæðismenn fagna því, að sú utanríkisstefna sem mörkuð var að lokinni seinni heimsstyrjöldinni hefur reynzt svo framsýn og traust, að hún er í fullu gildi nú rúmum tuttugu árum síðar. Ungir Sjálfstæðismenn telja því, að utanríkisstefnu landsins beri áfram að byggja á náinni samvinnu við hin Norðurlöndin, þátttöku í Atlantshafsbandalaginu, aðild að Sameinuðu þjóðunum og traustum vörnum landsins.

Ungir Sjálfstæðismenn lýsa yfir þeirri óbifanlegu skoðun sinni, að atburðirnir í Tékkóslóvakíu komi algjörlega í veg fyrir, að með nokkrum hætti verði dregið úr vörnum landsins eða þátttöku þess í starfi Atlantshafsbandalagsins, heldur beri þvert á móti að efla það og tryggja öryggi frjálsra þjóða Evrópu. Ungir Sjálfstæðismenn telja jafnframt nauðsynlegt að Íslendingar sjálfir séu hverju sinni færir um að leggja sjálfstætt mat á varnarþörf landsins.

Ungir Sjálfstæðismenn vekja athygli á óskum ungrar kynslóðar um, að Íslands hafi ríkari afskipti á alþjóðavettvangi af mannúðarmálum og réttlætismálum þróunarlanda og undirokaðra þjóða og þjóðflokka, og vilja vinna að því að þátttaka Íslands í alþjóðasamstarfi á þessu sviði verði stóraukin.

Ungir Sjálfstæðismenn vilja vinna að eftirtöldum atriðum á sviði utanríkis- og öryggismála:

1. Ísland leggi áherzlu á þátttöku í starfi þeirra alþjóðastofnana, sem vinna að mannúðar- og líknarmálum, sendi fulltrúa á þing þeirra og fundi og notfæri sér rétt til fastra starfa Íslendinga í þágu þess ara stofnana.
2. Sett verði löggjöf um aðstoð Íslands við þróunarlöndin og ákveðnum hluta þjóðartekna Íslendinga varið til þeirrar aðstoðar.
3. Háskóli Íslands taki upp kenngslu í grundvallarskipulagi alþjóðastofnana og alþjóðasamstarfs og um íslenska hagsmuni í heimi þjóðanna.

4. Ungir Íslendingar verði styrktir til skólanáms í herfræðum, þannig að Íslendingar sjálfir verði færir um að meta herfræðilega stöðu Íslands og varnarþörf landsins á hverjum tíma.
5. Gerð verði ítarleg skýrsla um varnir landsins þar sem sýnt verði fram á hverjar leiðir eru færar til þess að tryggja öflugar varnir, m. a., hvað það mundi kosta í fjármagni og mannafla, að Íslendingar sjálfir tækju að einhverju leyti þátt í vörnunum.
6. Alþingi ræði árlega stefnu landsins í utanríkis- og öryggismálum í ljósi ríkjandi viðhorfa hverju sinni.
7. Stóraukinn fjöldi Íslendinga fái tækifæri til að vinna við alþjóðastofnanir.

Tillögur komu fram um það, að töluliðir 1—4 féllu niður. Jafnframt, að liðir 5—7 skyldu ekki tölusettir, en kæmu sem áframhald textans. Einnig kom fram tillaga um að þar fyrir aftan yrði bætt: „Starf utanríkisnefndar Alþingis verði virkt og staða hennar samkvæmt þingsköpum.“

Skattakerfið.

Á undanförunum árum hefur margt áunnizt til bóta með lagfæringum og breytingum á skattalöggjöfinni. En það hafa jafnframt komið í ljós alvarlegir annmarkar. Talið er, að annmarkar þessir komi m. a. fram í stórfelldum skattsvikum. Margir telja og að ekki gæti nægilegs félagslegs réttlætis í sköttuninni.

Ungir Sjálfstæðismenn hafa ætíð rætt þessi mál sín á milli og benda nú á eftirfarandi:

1. Starfsemi skattaeftirlitsins verði eflað til muna, en þess verði jafnframt gætt að fyllsta samræmi sé í störfum þess að því er varðar einstakar atvinnugreinar, rekstrarform og landshluta. Samtímis hafi fjármálavald ríkisins ekki forgöngu um að grafa undan því eftirliti með útgáfu nafnlausra skuldabréfa á hendur ríkisjóði svo nemur hundruðum milljóna króna.
2. Fundnar verði leiðir til þess að tryggja örugga innheimtu söluskattsins. Væri í því sambandi nærtækt að hafa hliðsjón af innheimtukerfi annarra þjóða á þessum skatti.

3. Tekið verði til athugunar, hver skuli vera tengsl milli óbeinna skatta og beinna skatta, hvort réttlátt sé að meðalatvinnutekjur verði skattlagðar með tekjuskatti.
4. Sérreglur gildi um sköttun fjármagnstekna t. d. á arði, vöxtum, leiguhagnaði og utanaðkomandi verðmætisaukningu.
5. Tekið verði upp skattfrjálst endurmat fjármuna með eðlilegu milli-bili og afskrifað samkvæmt raunverulegu verðmæti og atvinnurekstrinum með því tryggður raunverulegur kostnaður.
6. Tekið verði hið fyrsta upp staðgreiðslukerfi skatta. Jafnframt verði sköttunareglur einfaldaðar frá því sem nú er.
7. Athugað verði réttmæti þess að leyfa takmarkalausán lántökukostnað til skattfrádráttar sem einkaneyzlu.
8. Grundvöllur fasteignasköttunarinnar verði endurskoðaður.
9. Gætt verði ítrasta hófs við skattaívilnanir til einstakra hópa eða atvinnustétta.
10. Endurbæta þarf skattareglur þannig, að þær hindri ekki eðlilega verkaskiptingu og samstarf eða samruna fyrirtækja.
11. Athugun þarf að gera á skattlagningu atvinnurekstrarins, t. d. afmörkun þeirra skatta sem fyrirtækin eiga að bera sjálf og þeirra, sem ætlað er að fara út í verðlagið.
12. Koma þarf upp kerfisbundinni upplýsingaþjónustu um skattamál með það fyrir augum að efla réttlæti og siðfræði í sköttun.

Tillaga kom fram um það, að skattaaðstaða þeirra, sem búa í leiguhúsnæði verði bætt með því að leigugjöld, að því frádregnu, sem leigjandi mundi verða að telja fram sem eigin húsaleigu, ætti hann húsnæðið sjálfur, yrðu gerð frádráttarbær til skatts. Mundi þetta og stuðla að því, að húsaleigugjöld yrðu að fullu gefin upp til skatts, en ekki tvísköttuð eins og nú er.

Lagt var til, að liður nr. 2 félli niður.

Samgöngumál.

Ungir Sjálfstæðismenn telja, að á sviði samgöngumála séu stórfelld verkefni sem bíða úrlausnar m. a. með tilliti til þess, að bifreiðaeign landsmanna mun þrefaldast eða jafnvel fjórfaldast á næstu þremur áratugum.

Ungir Sjálfstæðismenn lýsa því yfir, að þeir vilja vinna að þremur meginverkefnum í samgöngumálum:

- I. að akvegasambandi milli Reykjavíkur og Akureyrar verði komið í viðunandi horf.
- II. að hraðbrautir með varanlegu slitlagi verði lagðar á öllum fjölförnustu samgönguleiðum landsins.
- III. að allar byggðir landsins verði tengdar við vegakerfið.
- IV. að samgöngur á lofti og sjó innanlands og milli landa verði svo traustar og hagkvæmar að þær stuðli að vaxandi ferðamannastraumi til landsins

Ungir Sjálfstæðismenn fagna þeirri geysilegu uppbyggingu, sem orðið hefur á flugflota landsmanna undir forystu einkaframtaksins í flugmálum og vilja vinna að því, að sams konar uppbygging verði í kaupskipaflota landsmanna, sem afli verkefna víðsvegar um heim.

Ungir Sjálfstæðismenn vilja vinna að framangreindum markmiðum með eftirfarandi hætti:

1. Hafizt verði handa um stórfelldar framkvæmdir við hraðbrautagerð með stórum lántökum erlendis og útboði verkanna á heimsmarkaði enda verði innlendum verktökum gert fært að keppa við erlenda verktaka á jafnréttisgrundvelli. Stefnt verði að lagningu varanlegs slitslags á fjölförnustu vegi.
2. Gerður verði hringvegur um landið og þær byggðir landsins, aðallega á Vestfjörðum og Austfjörðum, sem enn hafa ekki verið tengdar vegakerfinu, verði tengdar við hann.
3. Gerð verði áætlun um uppbyggingu kaupskipaflota, sem leiti verkefna á alþjóðavettvangi, líkt og flugfloti Íslendinga gerir nú að verulegu leyti.

4. Unnið verði skipulega að uppbyggingu ferðamannamóttöku í landinu, sérstaklega í þeim landshlutum, sem laða til sín ferðamenn. Stefnt verði að stóraukningu ferðamannastraums til landsins á næstu áratugum með öflugum kynningarstarfi á erlendri grund.
5. Vöruflutningum á flugleiðum innanlands verði komið í viðunandi horf.
6. Skipaútgætur ríkisins verði lögð niður og verkefni hennar falin öðrum skipafélögum.

Tvær efnislegar breytingartillögur komu fram: Felldir verði niður liðir nr. 5 og 6.

Starfsemi hins opinbera og tengslin við almenning.

Ungir Sjálfstæðismenn leggja höfuðáherzlu á þá megin stefnu sína, að starfsemi hins opinbera takmarkist við þau verkefni, sem einstaklingum og frjálsum samtökum þeirra eru ofvaxin. Jafnframt því er nauðsynlegt að til komi aukin skilningur á mikilvægi öflugrar samvinnu opinberra aðila og samtaka almennings. Þjónustulund opinberra stofnana við almenning verður að auka í þeim anda, að stofnanir hins opinbera eru til komnar vegna almennings, en ekki öfugt. Samhliða því sem settar verði strangari reglur og aðhald aukið með einstökum starfsþáttum hins opinbera, þarf að búa betur að stjórnkerfinu og auðvelda því viðureignina við hin ýmsu veikamiklu verkefni. — Í því sambandi benda ungir Sjálfstæðismenn á eftirfarandi verkefni:

1. Stofnsett verði embætti stjórnslugæzlamanns („Ombudsman“), sem gæti hagsmuna almennings gagnvart ríkisvaldinu. Samhliða verði stjórnsludómstól komið á fót.
2. Dómarar, þar með taldir sýslumenn, skulu ekki kjörgengir til Alþingis og sveitastjórna. Sömu reglur gildi um bankastjóra ríkisbankanna.
3. Hraðað verði endurskipulagningu stjórnarráðsins og það gert betur hæft til þess að vera öflugt stjórnþæki þeirra, sem með stjórn þjóðmálanna fara á hverjum tíma.
4. Settar verði nýjar og ítarlegri reglur um réttindi og skyldur opin-

berra starfsmanna. Í því sambandi sé gert ráð fyrir, að starfsmenn séu í auknu mæli færðir á milli embætta og stofnana og forstöðumenn ríkisstofnana séu ráðnir til ákveðins árafjölda í senn.

5. Stjórnarformi opinberra fyrirtækja, sem atvinnurekstur stunda, verði breytt. Í stað einstakra þingkjörinna stjórna kjósi Alþingi eina yfirstjórn opinberra atvinnufyrirtækja, sem auglýsi stjórnarsæti í einstökum fyrirtækjum laus til umsóknar og veiti þau, enda verði slík stjórnarstörf veitt á grundvelli reglna, sem geri auknar kröfur til hæfni og menntunar stjórnarmanna. Fram fari endurskoðun á stjórnarformi annarra opinberra fyrirtækja og stofnana.
6. Eft verði eftirlit með rekstri opinberra fyrirtækja og auknar kröfur gerðar til hæfni stjórnenda þeirra. Fyrirtæki og stofnanir, sem eru í eigu ríkis- eða sveitarfélaga og rekin eru með almannafé, birti árlega reikninga sína og skýrslur þannig að almenningur hafi aðgang að og geti gert sér nokkra grein fyrir starfsemi þeirra og fjárreiðum.
7. Gerð verði áætlun um viðtæka fræðslu fyrir almenning um stjórnkerfið og opinberan rekstur. Haldnir verði reglulegir blaðamannafundir, og verði verkvið blaðafulltrúa stjórnarráðsins í því sambandi aukið.
8. Sett verði lög um framkvæmdir á vegum hins opinbera. Þar sé m. a. ákveðið á um, hvernig haga skuli undirbúningi að opinberum framkvæmdum eins og byggingu og kaupum fasteigna, mannvirkjagerð o. s. frv.
9. Styrkir þess opinbera til hinna ýmsu mikilvægu félagssamatka almennings verði auknir sbr. til æskulýðssamtaka, líknarfélaga og annarra févana samtaka, sem eru þjóðfélagslega mikilvæg, og skila margföldum arði af því fé, sem varið er til þeirra. Samstarf félagsamtaka almennings og hins opinbera sé örvað í einstökum mikilvægum málum.

Tillögur komu fram um það, að liðir nr. 2, 5, 6 og 8 og síðari setning í lið nr. 4 féllu niður.

Ýmiss þjóðmálaverkefni.

Auk verkefna framangreindra málaflokka munu ungir Sjálfstæðismenn á næstu misserum og árum, stefna markvisst að því að afla ýmsum öðrum veigamiklum verkefnum fylgis og tryggja framkvæmd þeirra.

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

1. Brýna nauðsyn ber nú til að hefja undirbúning að endurskoðun stjórnarskrárinnar, sem er að megin stofni til sú sama og sett var 1874. Ungir Sjálfstæðismenn benda í því sambandi á fyrri, efnislegar tillögur sínar, er lúta að einstökum atriðum.

Vinnulöggjöfin.

2. Sett verði ný löggjöf um stéttarfélög og vinnudeilur. Í því sambandi benda ungir Sjálfstæðismenn á fyrri tillögur sínar í þeim efnunum.

Íslensk bókasafnsmál.

3. Þingið tekur undir ályktun Félags íslenskra fræða um endurskipulagningu íslenskra bókasafnsmála. Fræðslu- og vísindastarfsemi, sem menning og tækni nútímans byggjast á, er ekki búinn viðunandi aðstaða án góðs vísindalegs bókasafns. Tilhlýðilegt er, að ellefu hundrað ára afmælis Íslandsbyggðar 1974 sé minnst m. a. með því að reisa nýja bókhöfuð fyrir vísindalegt þjóðbókasafn, er veiti sem best aðstöðu til fræði- og vísindaiðkna.

Umferðafræðsla.

4. Byggt verði upp heilsteypt umferðafræðslukerfi, er nái til allra lardsmanna. Stofnsett verði umferðafræðsluráð ríkisins, sem fari með heildarsamræmingu og vinni í samvinnu við þau ýmsu samtök og stofnanir, sem tengdar eru umferðarmálum.

Endurskoðun ýmissa aldursákvæða.

5. Kosningaaldur, fjárræði og giftingaraldur (karlmannna) verði fræður niður í 18 ára. Sömu aldursmörk verði viðhöfð hvað snertir áfengisafgreiðslu, enda verði eftirlit með framkvæmd laganna aukið til muna og refsingar við brotum þyngdar.

Almannavarnir.

6. Ríkisvaldið hlutist til um að auka samræmingu öryggis- og almannavarnarmála með aukinni þátttöku og ábyrgð björgunar- og hjálpar-sveita, enda verði sú starfsemi styrkt í auknum mæli.

Sandgræðsla — Skylduþjónusta.

7. Ráðist verði til atlögu við hið stórbrotna vandamál, sem uppblástur lands getur leitt af sér í framtíðinni. Í því skyni verði gerð langs tíma áætlun um sandgræðslu, og stofnað til skipulagðrar samvinnu ríkis, sveitarfélaga og áhugamannasamtaka.
8. Ríkisvaldið hlutist til um stofnun nefndar, sem í eigi sæti m. a. fulltrúar ungs fólks og geri ath. á möguleikum þegnskylduvinnu unglunga m. a. í þágu uppgræðslu landsins.

Sumarvinna unglunga.

9. Bæjarstjórnir leggi aukið kapp á skipulagða sumarvinnu ungs fólks að hreinsun bæja og fegrarmálum.

Sveitarfélög.

10. Skipting landsins í sveitarfélög sé rækilega endurskoðuð og miðað við að stækkun sveitarfélaganna með það að markmiði, að þau verði betur fær um að gegna hlutverki sínu. — Sýslu- og sveitarfélögum verði falin í auknum mæli stjórn þeirra mála, sem ríkisvaldið fer með, en þau geta betur leyst af hendi.

Verðtrygging sparifjár og fjárskuldbinding.

11. Endanleg athugun fari fram á möguleikum verðtryggingar sparifjár og fjárskuldbindinga, og verði því kerfi komið í framkvæmd sé þess nokkur kostur.

Aðstaða stjórnarandstöðu.

12. Aðstaða stjórnarandstöðu á Alþingi verði bætt t. d. njóti formaður þingflokks stærsta stjórnarandstöðuflokksins sömu kjara og ráðherrar og sérfræðiaðstoð til handa stjórnarandstöðu verði aukin.

Nýting íslenzkra uppgötvana.

13. Stofnaður verði opinber styrktar- og lánasjóður (tækninýjungasjóður) til aðstoðar íslenzkum uppfinningamönnum. Hið opinbera hafi, ef á þarf að halda, forgöngu um útvegum sérfræðilegrar aðstoðar við öflun og varðveislu einkaleyfisréttinda erlendis og við samningsgerðir við erlenda framleiðendur.

Lagt var til, að liðir nr. 1, 5 og 6 féllu niður.

Thermopane
EINANGRUNAR GLER

20 ára reynsla
hérlandis sannar ágæti

Thermopane

KKK

ÚTVEGUM
Thermopane
MEÐ STUTTUM
FYRIRVARA

EGGERT KRISTJÁNSSON & CO HF.

Ný vakning meðal ungs fólks

Í upphafi aukabings Sambands ungra Sjálfstæðismanna dagana 27.—29. september flutti formaður sambandsins, Birgir Ísl. Gunnarsson, hrl., setningarræðu, þar sem hann fjallaði m. a. um þau viðhorf, sem uppi hefðu verið í röðum ungs fólks.

Fara hér kaflar úr ræðu Birgis. Í upphafi sagði hann m. a.

En hverjar sérstakar ástæður eru nú fyrir hendi til að kalla slíkt aukabing saman? Hvað veldur því að stjórn SUS skuli hafa fundið sig knúða til að kalla ungt fólk hvaðanæva að af landinu hingað til Reykjavíkur til slíkra þingstarfa? Við skulum gera það litillega að umtalsefni.

Það er kunnara en svo, að um það þurfi að hafa mörg orð, að á þessu sumri hafa átt sér stað óvenjumiklar umræður meðal ungs fólks um stjórnmal. Ung fólk hefur rætt stjórnmalin í sínum hópi í ríkum mæli og margir ungir menn hafa hvatt sér hljóðs á opinberum vettvangi til slíkra umræðna. Allar þessar umræður hafa borið með sér svip allmikils óróa og ókyrrðar.

Slíkar hreyfingar hafa og verið uppi í öðrum löndum. Á sl. vetri og á sl. vori var mikil ókyrrð meðal ungs fólks víða í Evrópu og Ameríku. Þessar hreyfingar tóku á sig ýmsar myndir og gagnrýnisefnin voru alls ekki þau sömu í hinum ýmsu löndum. Þessar hreyfingar virðast þó eiga það eitt sameiginlegt að þar er að verki ungt fólk, sem ekki verður beinlínis dregið í dilka ákveðinna stjórnmalahreyfinga, enda þótt

á því hafi borið að ýmis stjórnálaöfl hafi reynt að notfæra sér ókyrrð þessa.

Erfitt er að fullyrða að beint samband sé á milli ókyrrðarinnar meðal ungs fólks víða erlendis og þess stjórnmalalega óróa, sem gætt hefur hér á landi að undanförmu, en freistandi er að álykta á þá leið að þær bylgjur sem risið hafa hvað hæst í Evrópu hafi skolazt hingað alla leið til Íslands.

Af íslenzkum rötum runnið.

Afstaða unga fólksins, sem fram hefur komið í sumar, er þó fyrst og fremst miðuð við íslenzkar aðstæður. Gagnrýnisefnin eru íslenzkir stjórnmalaflokkar, íslenzkir þjóðfélagshættir og íslenzkar þjóðfélagsstofnanir. Efni og inntak þeirra nýju viðhorfa, sem hafa verið að skapast meðal ungs fólks að undanförmu er því ekki aðfengið. Það er af íslenzkum rötum runnið.

Þess var nokkuð vart á sl. vetri í samtökum ungra Sjálfstæðismanna að óvenju opinskáar og og hreinskilnar umræður áttu sér stað um þjóðmál. Það kom m. a. fram á allmörgum fundum Heimdallar hér í Reykjavík. Þær skoðanir, sem þar komu fram, voru ef til vill ekki róttækari en verið hefur meðal ungs fólks í okkar samtökum, en það sem gerði þessar umræður sérstakar var sú þörf, sem fram kom að færa þessar umræður á opinn vettvang — og gagnrýna jafnvel eigin flokk opinberlega. Þessu hefur og fylgt að starfsemi samtakanna hefur opnast meira en áður, t. d. hefur stjórnmalamönnum annarra flokka verið boðið til umræðna á fundi Heim-

dallar í æ ríkara mæli. Þessi vakning, sem við fundum í okkar samtökum á sl. vetri, hefur þó aldrei risið hærra en á síðustu mánuðum. Hún virtist ná til ungs fólks í öllum stjórnmalaflokkum og jafnvel ekki síður til ungs fólks, sem hingað til hefur staðið utan við starfsemi stjórnmalaflokkanna.

Enginn vafi er á því að forsetakosningarnar hafa verið mikill aflvaki í þessum efnunum. Ég hef áður lýst því yfir að ég tel að úrslit forsetakosninganna megi alls ekki túlka sem andstöðu við ríkisstjórnina eða Sjálfstæðisflokkinn. En hvernig sem menn vilja túlka úrslit sjálfrakosninganna, þá er enginn vafi á því að þær hafa komið miklu róti á hugi ungs fólks. Það kann að eiga rætur að rekja til þess að ungt fólk starfaði mikið að undirbúningi kosninganna hjá báðum frambjóðendum. Ungu fólkið sem að þessum kosningum starfaði hjá báðum frambjóðendum varð sér meðvitandi um afl sitt, ef það raunverulega beitir sér — og því hefur ungt fólk nú beitt afli sínu að þjóðmálunum í víðasta skilningi.

En hvað er það, sem ungt fólk gagnrýnir? Hverju vill það breyta? Hverjar eru hugmyndir þess um íslenskt þjóðfélag í framtíðinni? Það er vissulega rétt, sem sagt hefur verið á öðrum vettvangi, að þessi nýja hreyfing hefur ekki náð fullum þroska ennþá — mótaðar og raunsæjar tillögur til úrbóta á afmörkuðum sviðum væru ennþá fáar og strjálar. Hins vegar beinist gagnrýnin nú þegar að afmörkuðum atriðum.

Gagnrýnin beinist að stjórnmalastarfinu.

Ég ætla ekki að rifja upp allt, sem gagnrýnt hefur verið, enda sýnist vafalaust sitt hverjum um það eins og gengur. Ég vil þó benda á að gagnrýnin hefur til þessa að miklu leyti beint að aðferðunum í stjórnmalastarfinu, eða að *forminu* frekar en *efninu*, ef unnt er að orða það þannig. Þar hafa stjórnmalaflokkarnir fyrst og

fremst orðið fyrir gagnrýni. Veigamesta gagnrýnisefnið á stjórnmalaflokkana er það að innan þeirra gæti ekki nægilega mikils lýðræðis í reynd, bæði um stefnumörkun og um val í trúnaðarstöður, sérstaklega framboð. Vafalaust er þessu misjafnlega komið innan stjórnmalaflokka og ég elast um að nokkur flokkur sé eins lýðræðislega uppbyggður að formi til eins og Sjálfstæðisflokkurinn. Þó held ég að í reynd megi þar margt um betrumbæta og þar geta einmitt samtök okkar unnið stórt hlutverk, og mun ég nánar koma að því síðar.

Eitt meginverkefni þeirrar vakningar, sem fram hefur komið meðal ungs fólks að undanfögnu er eins og fyrr getur óvenjumikill áhugi á þjóðmálum og óvenjumikil þörf til hreinskilinna, opinna umræðna um þjóðfélagsmál á breiðum grundvelli. Það er þessi mikla þörf ungs fólks til umræðna um íslenskt stjórnmalalíf, sem er meginástæða þess að Samband ungra Sjálfstæðismanna hefur nú boðið til þessa aukapings. Við viljum að okkar samtök hafi forystu fyrir því að ungt fólk fái tækifæri til skoðanaskipta, til að þreifa fyrir sér og móta með sér í hreinskilnum umræðum skoðanir og raunhæfa stefnu til úrbóta í íslensku þjóðfélagi.

Tvö megin viðfangsefni.

Tvö verða meginviðfangsefni þessa þings. Við höfum kallað þau: Þjóðmalaverkefni næstu ára og stjórnmalaflokkarnir, störf og starfshætti þeirra.

Fyrri meginumræðuefnið, þ. e. þjóðmalaverkefni næstu ára, er sett hér á dagskrá til að við getum mótað betur þær hugmyndir, sem húa með ungu Sjálfstæðisfólki um það, hver séu hin raunverulegu stefnumið þess um framtíðaruppbyggingu þjóðfélagsins. Það er tekið hér til umræðu til að auðvelda okkur svar við þeirri gagnrýni, sem oft heyrst þess efnis að ungt fólk viti ekki hvað það vilji.

Að því er snertir mótun á stefnu og baráttumálum flokksins, þá verður það að viðurkennast að þing eins og þetta getur ekki gripið nema á tiltölulega fáum málum og meðferð þeirra hlýtur að verða nokkuð yfirborðsleg. Ég tel því mikla nauðsyn til bera að í kjölfar þessa þings verði skipaðar allmargar málefnaefndir, sem í eiga sæti ungir menntamenn og menn úr atvinnulífinu og verði það verkefni þeirra að vinna nánar úr þeim hugmyndum, sem hér munu koma fram og leitast við að móta stefnu ungra Sjálfstæðismanna í hinum ýmsu þjóðmalaflokkum. Sú stefna verður að mótast eftir ítarlegar umræður og skoðanaskipti hinna færustu manna, þar sem leitast verði við að skoða hvert mál niður í kjölinn, beita þjóðfélagsfræðilegum rannsóknnum, þar sem slíkt er nauðsynlegt og umfram allt að móta stefnuna á breiðum grundvelli. Ég hef sannfærzt um það við undirbúning þessa þings að á öllum sviðum þjóðlífsins bíða stórir hópar ungra og vel hæfra manna eftir því að til þeirra sé leitað. Manna sem eru reiðubúnir til samstarfs við samtök okkar um mótun þjóðmalastefnu, hver á sínum vettvangi. Við höfum þegar leitað til margra slíkra og þurfum áfram að halda á þeirri braut. Á þennan hátt geta okkar samtök haft frumkvæði að mótun stefnu flokksins í hinum ýmsu þjóðmalaflokkum, og stuðlað á þann hátt fyrir okkar leyti að sem lýðræðislegastri aðferð við stefnumótun flokksins og umfram allt að stefnan sé runnin úr rötum þeirra þjóðlífs-hreyfinga, sem hræst meðal fólksins, en við verðum þó að muna að við verðum að hafa djörfung og þor til að brjóta upp á nýjum stefnumörkunum til að segja af hreinskilni, hvað við teljum þjóðinni fyrir beztu, jafnvel þótt andbyr sæti.

Að því er þjóðmalaverkefni snertir, þá munu hinir sérstöku efnahagsferliðleikar, sem nú er við að etja, ekki teknir til sérstakrar umræðu hér. Ekki svo að skilja að við gerum okkur ekki fulla

grein fyrir því að hvernig til tekst um úrlausn þeirra getur ráðið miklu um heill og hamingju íslensku þjóðarinnar í náinni framtíð. Hér er hins vegar um svo sérstakt vandamál að ræða, sem við getum ekki gert okkur fulla grein fyrir á þessu þingi, en það er vafalaust von okkar og ósk allra, sem hér eru, að sem víðtækust samstaða þjóðarinnar náist um úrræði til lausnar. Þessi vandi er svo stór að til úrlausnar á honum nægir ekki að grípa til hugsjóna einna heldur verður hér að koma til raunsætt mat á þeim erfiðu aðstæðum, sem hér nú ríkjast og ekki mun á okkur sitja að leggja okkar af mörkunum til aðstoðar við úrlausn þessa sérstaka vanda, ef nauðsyn krefur.

Annað aðalverkefni þingsins er kallað, eins og ég sagði áðan, stjórnmalaflokkarnir, störf þeirra og skipulag, en stjórnmalaflokkarnir hafa verið mikið á dagskrá að undanfögnu. Ég minnst áðan á lýðræðið innan flokkanna og verður í því sambandi að taka til ítarlegrar umræðu, hvernig það verði bezt tryggt, t. d. hvort æskilegt sé að prófkjör fari fram og þá með hverjum hætti slíkt prófkjör skili sem beztum árangri. Það verður og að ræða hvernig tryggt verði að áhrif hins almenna borgara njóti sín til fulls innan flokkanna. Stjórnmalaflokkar hafa miklu hlutverki að gegna í lýðræðisþjóðfélagi. Þeir eiga að vera samtök almennings, samtök fólks, sem í grundvallaratriðum hafa svipaðar skoðanir um þjóðmál. Innan flokkanna eiga að fara fram skoðanaskipti og í gegnum þá á almenningur að geta haft áhrif á gang þjóðmála. Ef almenningur fjarlægist flokkana, svo að ekki sé talað um, ef almenningur fær andúð á flokkunum, þá er voðinn vís. Við þurfum því að taka það til ítarlegrar umræðu hvernig örva megi þátttöku almennings í stjórnmalastarfi. Þetta þurfum við að ræða, bæði almennt og að því er varðar Sjálfstæðisflokkinn sérstaklega svo og samtök ungra Sjálfstæðismanna.

Vald stjórnmalaflokkanna.

Eitt þeirra atriða, sem mjög hefur verið gagnrýnt að undanfögnu er það að stjórnmalaflokkarnir hafi tekið sér of mikið vald í þjóðfélaginu einkum í menningarmálum og í fjármálum. Þetta er vissulega alvarlegt umhugsunarefni, þó að segja verði að lausn þess sé engan veginn einföld. Hinn fræðilegi grundvöllur þess að fulltrúar stjórnmalaflokkanna skipi stjórn menningarstofnana þjóðfélagsins og flestra peningastofnana er vafalaust trygging lýðræðisins. Það hefur vafalaust verið hugsað þannig að til að tryggja lýðræðislega stjórn viðkomandi stofnana almennings væri eðlilegt að stjórnmalaflokkarnir, þessi samtök almennings, sem þeir eiga að vera, skipuðu stjórnarsætin. Þegar raddirnar verða nú háværari um það að fullt lýðræði ríki ekki innan flokkanna, þá er eðlilegt að jafnframt aukist gagnrýnin á valdi flokkanna yfir ýmsum mikilvægum stofnunum. En jafnvel þótt við gengjum nú út frá því að fullt lýðræði ríkti innan flokkanna, er það þá endilega rétt að þeir hafi völdin í menningar- og fjármálastofnunum þjóðfélagsins svo að þær stofnanir séu áfram gerðar að umtalsefni? Er það endilega rétt að Alþingi kjósi stjórnir flestra fjármála- og menningarstofnana þjóðfélagsins? Rætt hefur verið um að umráð stjórnmalaflokkanna yfir menningarfyribæri eins og úthlutun listamannalauna sé ekki rétt. Það eigi að vera í höndum listamanna sjálfra eða einhverra menningarfrömuða. Ég reikna með að þetta vald sé stjórnmalaflokkunum ekki fast í hendi, en frumskilyrði þess að þeir láti þetta vald úr sínum höndum er að þeir, sem valdið eigi að fá, geti komið sér saman um hvernig því eigi að beita. Það hefur ekki tekizt og er þetta því dæmi um það að stjórnmalaflokkarnir sitja uppi með vald, sem þeir í rauninni vildu láta af hendi, en vegna ábyrgðar sinnar sitja uppi með.

Að því er fjármálastofnanir í landinu snertir

og þá einkum bankana, þá eru yfirráð flokkanna yfir þeim mjög gagnrýnd. Ég held að sú gagnrýni eigi rétt á sér að því marki að mikið virðist skorta á nægilegt samræmi og nægilegar rannsóknir, hvort sem er tæknilegar eða fjármála- legar, á arðsemi þeirra fyrirtækja, sem þeir lána til. Pólitísk sjónarmið ráða vafalaust oft lánveitingum, enda er þess hreinlega krafizt af stuðningsmönnum flokkanna að þeirra fulltrúar, sem aðstöðu hafa í bönkunum, hlynni að þeim. Kerfið sjálft býður hættunni heim.

Endurnýjun í trúnaðarstöður.

Enn eitt gagnrýnisatriðið er það að endurnýjun á mönnum í trúnaðarstöður sé ekki nægilega ör. Er þá gjarnan oft vitnað til Alþingis. Nú er það að vísu svo, að enda þótt nauðsynlegt sé að kynslóðirnar vinni saman að úrlausn viðfangsefna, þá skiptir aldur manna ekki höfudmáli. Aðalatriðið er hæfileikar, viðsýni og raunverulegur vilji til að láta gott af sér leiða. Hitt er annað mál, sem ég hef stundum velt fyrir mér, og það er að starfshættir Alþingis eru á þá leið og starfsaðstaða þingmanna einnig, að svo virðist sem þingmannsstarfið og það sem því fylgir krefjist nánast allra starfskrafta mannsins á meðan þing situr og það er æði lengi á hverju ári. Afleiðing þess verður sú að menn slitna úr tengslum við uppruna sinn. Bóndinn fer að vanrækja bú sitt, framkvæmdastjórinn fyrirtæki sitt, launþeginn starfsvettvang sinn. Afleiðingin verður aftur sú að fyrr en varir verður þingmennskan og það, sem henni fylgir aðalstarf. Þá er það orðið hagsmunamál, ekki aðeins pólitískt heldur einnig fjárhagslegt, að halda starfinu að vera áfram á þingi og þá er líka hættu á einangrun. Í þessu kann að liggja nokkur skýring á því að skipti eru ekki nægilega ör, a. m. k. hef ég grun um að ástæða þess að stórir hópar manna í þjóðfélaginu eru tregir til að taka að sér stjórnmalastörf,

t. d. lækna, verkfræðingar og jafnvel miklir athafnamenn, sé sú að þeir óttist að þessi tímafreku stjórnmalastörf slíti þá úr tengslum við þann starfsvettvang, sem þeir hafa valið sér að ævistarfi og er það alvarlegt umhugsunarefni út af fyrir sig. Auðvitað hlýtur viss hópur forystumanna að hafa stjórnmalin sem atvinnu og við því er ekkert að segja þótt þeir menn sitja lengi á þingi, svo lengi sem þeir sýna þann lífsþrótt sem forystumönnum hæfir, en til að ferskir vindar megi stöðugt leika um þá mikilvægu þjóðfélagsstofnun sem Alþingi er, þá þarf stofnunin stöðugt nýtt blóð. Ég hef ekki lausn á þessu vandamáli, en vildi hreyfa því hér til umhugsunar, því að mér finnst það nátengt þeirri gagnrýni, sem borin hefur verið fram og beint hefur að Alþingi.

Einlægur umbótavilji.

Ég hef gert hér að umtalsefni nokkur atriði, sem gagnrýnd hafa verið í fari stjórnmalaflokkanna. En nú er eðlilegt að menn spyrji: Hví eru ungir Sjálfstæðismenn að gagnrýna? Hefur ekki Sjálfstæðisflokkurinn haft forystu um stjórn þessa lands í nærfellt tíu ár? Er þetta ekki um leið gagnrýni á forystumenn flokksins? Því vil ég svara á þá leið, að sú gagnrýni, sem fram hefur verið borin, er fyrst og fremst sprottin af þeim einlæga umbótavilja sem á að einkenna ungt fólk. Gagnrýnin er borin fram á hlutlægum grundvelli. Hún beinist að vissum þáttum þjóðfélagsins og vissum félagsstofnunum. Hún er að vissu leyti hafin upp yfir hinar daglegu deilur stjórnmalanna. Í gagnrýninni felst ekkert vantraust á þá eldri forystumenn, sem flokkurinn hefur kosið til að veita málefnum þjóðarinnar forystu. Hins vegar mega forystumenn ávallt búast við gagnrýni og ég veit að okkar

forystumenn frábiðja sér ekki gagnrýni. Gagnrýnin nú einkennist af þeim hugsjónaeldi, sem á að vera aðalsmerki ungs fólks, en í gagnrýninni er þó fólgin viss krafa um að fullt tillit sé tekið til skoðana hins unga fólks, og að kynslóðirnar eigi að vinna saman að lausn þjóðfélagsvandamála.

En unga fólkið vill ekki og má ekki láta við gagnrýnina eina sitja. Við þurfum að beina sjónum okkar fram á veginn, við þurfum að setja okkur markmið og berjast fyrir þeim. Við verðum að hafa það í huga að um næstu aldamót, eftir um 32 ár, geta Íslendingar verið orðnir nær 400.000 talsins og á næstu áratugum munu tugþúsundir ungra Íslendinga koma á vinnumarkað þjóðfélagsins. Þetta kallar á stórfelldar framkvæmdir á nær öllum sviðum þjóðlífsins. Sjá verður öllum vinnufúsum höndum fyrir svo arðbærum verkefnum, að lífskjör okkar dragist ekki aftur úr öðrum. Það þarf mikla uppbyggingu í atvinnulífinu, en samfara því þarf skóla- og menntakerfi landsins að laga sig eftir því nýja tækniþjóðfélagi, sem hefur verið að þróast og mun þróast á næstu árum.

Hinni miklu fólksfjölgun þurfa að fylgja áttök í félags og heilbrigðismálum, menningarmálum og samgöngumálum og á öllum sviðum þjóðlífsins. Í flestum efnum getum við byggt á grunni, sem þegar hefur verið lagður, en eðlilegt er að ungt fólk vilji stefna *hærra og herra* — og látum það verða einkenni þessa fjölmennasta þings sem Samband ungra Sjálfstæðismanna hefur haldið — að við í hreinskilnum og einlægum umræðuum reynum að afmarka í hugum okkar sjálfra, *hvert við viljum stefna, hver séu markmið okkar, hverjar séu leiðir okkar og hvernig við viljum berjast fyrir hugsjónamálum okkar.*

★

VANTI YKKUR

Brunatryggingar
Ferðatryggingar
Ábyrgðartryggingar
Líftryggingar
Vatnstjónstryggingar
Sjótryggingar
Atvinnuleysistryggingar
Þjófnaðartryggingar
Heimilistryggingar

Þá leitið upplýsinga hjá Vátryggingaskrifstofu

Sigfúsar Sighvatssonar hf.

Lækjargötu 2 - Reykjavík

GLER & LISTAR HF.

Höfum rúðugler í 2-3-4-5-6-7-10 mm

þykktum.

Hamrað gler (margar gerðir).

Undirburður og saumur.

Gluggalistar.

GLER & LISTAR HF.

Dugguvogi 23 - Sími 36645

ÁVALLT FYRIRLIGGJANDI

NYIR

ÞURRKADIR

NIÐURSOÐNIR

ÁVEXTIR

SIG. Þ. SKJALDBERG HF.

LAUGAVEG 49 - SÍMI 11491 - 3 LÍNUR

Ávallt í miklu úrvali:

BYGGINGARVÖRUR

JÁRNVÖRUR

VERKFÆRI

BÚSÁHÖLD

JÁRNVÖRUVERZLUN
Jes Zimsen
REYKJAVÍK

Hafnarstræti 21 - Suðurlandsbraut 32

B. M. VALLÁ steypuverksmiðja

Hátúni 4A



Verksmiðjan - sími 32563

Skrifstofan - sími 35756

MÁLFLUTNINGUR
INNHEIMTA
SAMNINGSGERÐIR
LÖGFRÆÐILEG
AÐSTOÐ

LÖGMENN

EYJÓLFUR KONRÁÐ IÓNSSON
IÓN MAGNÚSSON
HIÖRTUR TORFASON

Tryggvagötu 8 - Símar: 11164 og 22801 - Símnafni JUS

VERKTAKAR
VERKFRÆÐISTÖRF
VINNUVÉLAR

Almenna byggingafélagið

Suðurlandsbraut 32


Sími 38590

Byggingarefni

Flest til
nýbygginga og
viðhalds
á einum stað
hjá oss.

J. Þorláksson & Norðmann h.f.

Bankastræti 11 - Skúlagötu 30 - Sími 11280



HRAFNI STA

STÖÐUGT
FJÖLGAR
ÖLDRUÐUM

Þátttaka í Happraætti DAS stuðlar að
viðunanlegri lausn á málefnum aldraðra
og gefur um leið möguleika til stór-
vinnings.



EKKERT HAPPRÆTTI
HÉRLendis
BYÐUR JAFNAAN
VINNING
Á EINN MIDA

EMBYLISHÖS
FYRIR



MILLJÓNIR KR.
EINUM DRÆTTI

2

das

Míði er möguleiki




**GRÆDDUR
ER GEYMDUR
EYRIR...**

EF LAGÐAR ERU INN Á SPARISJÓÐSREIKNING
KR. 500,- MÁNAÐARLEGA Í TÍU ÁR, VERÐUR
INNSTÆÐAN ORÐIN KR. 98,128,81-

LANDSBANKI ÍSLANDS

ÞJÓÐARFYRIRTÆKI



55 ÁR Í FARARBRÓDDI

Fátt er nauðsynlegra fyrir þá þjóð, sem byggir eyland og vill vera sjálfstæð, en að eiga skip, til þess að flytja vörur að landinu og afurðir frá því.

Reynslan hefur sýnt, að þegar Íslendingar misstu skip sín, misstu þeir einnig sjálfstæði sitt.

Góðar samgöngur eru lifæð framleiðslu og frjálsrar verzlunar.



Eimskipafélagið er þjóðarfyritæki, hlutafé þess er um 41.500.000.00 krónur og hluthafar nálega 11.500. Þeir sem æskja þess að kaupa hlutabréf félagsins, góðfúslega snúi sér til aðalskrifstofunnar í Reykjavík eða umboðsmanna félagsins úti á landi.

H.F. EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS

Morgunblaðið





VERZLUNARBANKI ÍSLANDS h/f annast öll innlend bankaviðskipti.

VERZLUNARBANKI ÍSLANDS h/f útibú að Laugavegi 172, Reykjavík er opið alla virka daga kl. 13:30—19. Laugardaga kl. 9:30—12:30. - Sími 20120.

VERZLUNARBANKI ÍSLANDS h/f útibú að Hafnargötu 31, Keflavík er opið alla virka daga kl. 9:30—12:30, 14—16 og 18—19. Laugardaga kl. 9:30—12:30. - Sími 1788.

VERZLUNARBANKI ÍSLANDS h/f Bankastræti 5, Reykjavík er opinn alla virka daga kl. 9:30—12:30, 13:30—16 og kl. 18—19 fyrir innlánsviðskipti. Laugardaga kl. 9:30—12:30. - Sími 22190.

VERZLUNARBANKI ÍSLANDS H/F